

# TÍMARIT HÁSKOLA ÍSLANDS

Nr. 2    1. tölublað    2. árgangur    1987

---

## RITSTJÓRI:

Sigurjón Björnsson

---

## RITNEFND:

Leifur A. Símonarson, dósent í steingervingafræði  
Þórður Harðarson, prófessor í lyflæknisfræði  
Práinn Eggertsson, prófessor í hagfræði



Háskóli Íslands  
Reykjavík 1987



## **FIGURE 10.10. KAPLINSKI**

In 1927 Hahn auf studentenspieltour  
1945, während seiner Verhaftung  
Residenz Islands am 19.4.1945. Es war ein  
privater und freudiger Besuch im

Born 1924 in Västergötland, Sweden, and educated at the University of Lund, Sweden, and at the University of Stockholm, Sweden. Visited the Maldives 1965-1966, Vanuatu 1966-1967, and the Banda Sea 1967-1968. Visited the Philippines 1969-1970, and the Hachijo Islands, Japan 1969-1970. Visited the Maldives 1972-1973, and the Maldives 1973-1974. Visited the Maldives 1975-1976, and the Maldives 1976-1977. Visited the Maldives 1978-1979, and the Maldives 1979-1980. Visited the Maldives 1981-1982, and the Maldives 1982-1983. Visited the Maldives 1983-1984, and the Maldives 1984-1985. Visited the Maldives 1985-1986, and the Maldives 1986-1987. Visited the Maldives 1987-1988, and the Maldives 1988-1989. Visited the Maldives 1989-1990, and the Maldives 1990-1991. Visited the Maldives 1991-1992, and the Maldives 1992-1993. Visited the Maldives 1993-1994, and the Maldives 1994-1995. Visited the Maldives 1995-1996, and the Maldives 1996-1997. Visited the Maldives 1997-1998, and the Maldives 1998-1999. Visited the Maldives 1999-2000, and the Maldives 2000-2001. Visited the Maldives 2001-2002, and the Maldives 2002-2003. Visited the Maldives 2003-2004, and the Maldives 2004-2005. Visited the Maldives 2005-2006, and the Maldives 2006-2007. Visited the Maldives 2007-2008, and the Maldives 2008-2009. Visited the Maldives 2009-2010, and the Maldives 2010-2011. Visited the Maldives 2011-2012, and the Maldives 2012-2013. Visited the Maldives 2013-2014, and the Maldives 2014-2015. Visited the Maldives 2015-2016, and the Maldives 2016-2017. Visited the Maldives 2017-2018, and the Maldives 2018-2019. Visited the Maldives 2019-2020, and the Maldives 2020-2021.

# VERKFRÆÐIKENNSLA í Háskóla Íslands

Saga verkfiraði á Íslandi og íslenskra verkfiraðinga er ekki long eða í alnum falið tæplega aldargömul. Sú saga verður ekki takin í þessari greti nema að órlílu leyti, og þá að eins sú lílhótt heinnar, sem tengist meintun íslenskra verkfiraðinga í Háskóla Íslands. Þeim sem áhuga kunnar að hafa á því að kynna sér bermikuár verkfiraðinnar skal bent á agætar yfirleitisgreinar eftir Steingrím Jónsson, rafmagnsstjóra, sem birtust í 1. útgáfu Verkfiraðingatala [1] og í ritnum „Visindum efla alla dáð“ sem út kom í tiltefini af 50 ára afmæli háskólans 1961 [2]. Þá er í síðustu útgáfu Verkfiraðingatala,

sem út kom 1981, fróðleg yfirlitsgrein eftir Sveinbjörn Björnsson, prófessor, sem nefnist „Menntun íslenskra verkfræðinga“ [3]. Framangreindar greinar hafa verið notaðar til hlíðsþjónar við samningu þeirrar greinar, sem hér birtist, einkanlega [2] og [3].

Af öðrum heimildaritum, sem mjög hefur verið stuðst við, ber að nefna grein um verkfræðideild háskólans eftir Guðna Jónsson prófessor, sem birtist í „Sögu Háskóla Íslands“, sem gefin var út í tilefni af 50 ára afmæli skólaðs 1961 [4]. Einnig var ítarlegt yfirlit um þróun verkfræðideilda fram til 1970 birt í nefndarálti um kennslu í véla- og skipaverkfræði við háskólan, sem út kom í apríl 1972 [33].

Fjölmargar aðrar heimildir hafa verið notaðar við samningu greinarinnar, og eru þær taldar upp í heimildaskrá hér aftan við. Í greininni er vísað til þessara heimilda með tölum innan hornklofa á sama hátt og gert hefur verið hér að framan. Einn flokkur rita, sem einnig hefur reynst drjúgur með upplýsingar af ýmsu tagi, eru Árbækur háskólans. Til þeirra heimilda er þó ekki vísað sérstaklega í greininni, nema þar sem sérstaklega er um það getið.

## 2. Forsagan – árin fyrir síðari heimsstyrjöld

Háskóli Íslands var ekki orðinn ýkja garnall, þegar upp komu hugmyndir um það að hefja undirbúnung að æðra tækninámi hér á landi. Fyrstu vís-bendingar um umræður um þessi mál er að finna í fundargerð 64. fundar í Verkfæðingafélagi Íslands, sem haldinn var á Hótel Íslandi miðvikudaginn 21. janúar 1921 [5]. Þar segir frá því, að formaður „las upp erindi, er fjalagsstjórninni hafði borist frá Iðnfræðafjelaginu um endurbætur á Iðnskólanum og samband milli hans og Vjetljaróskólans og efnafræðis- og eðlisfræðistofnunar. Í nefnd með mönnum úr Iðnfræðafjelaginu o. fl. voru kosnar þeir Jón Þorláksson og Steingrímsson.“

EKKI er hægt að segja, að hér komi skýrt fram, hvað fyrir mönnum vakti, en þó mun það hafa verið hugmyndin að reyna að koma upp aðstöðu til tæknináms af einhverju tagi, þótt ekki væri háskólinn nefndur í því sambandi. Um starf þeirrar nefndar, sem skýrt er frá í fundargerðinni, er ekki meira vitað, og virðist málið hafa lognast út af.

Nú líða 10 ár, en þá virðist hreyfing komast á menntunarmál verkfræðinga á Íslandi á nýjan leik. Ef til vill hefur 20 ára afmæli háskólans orðið kveikjan að umræðum, sem þá urðu í Vísindafélagi Íslendinga um að koma á fót undirbúningskennslu við háskólan í þeim náms-

greinum, sem ekki voru kenndar þar þá, til þess að stytta mönnum námstímann erlendis. Í Árbók Háskóla Íslands 1930–1931 skrifar Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri ítarlega greinargerð um þetta mál [6]. Kannaði hann þar sérstaklega þann möguleika, að kennsla yrði veitt „í hinu sameiginlega undirbúningsnámi eða fyrri hluta verkfræðináms“. Komst hann þar að eftirfarandi niðurstöðum:

1. „Að hér sé völ á kennurum til þess að veita stúdentum fullkomna kennslu til fyrri hluta verkfræðináms, eins og það er í Þýzkalandi, Norðurlöndum og viðar.“
2. „Að koma megi fyrir verklegu kennslunni, tilraunum og teikningu þegar í stað, svo viðunandi verði.“
3. „Að auðvelt sé að koma kennsl-



**Steingrímur Jónsson** rafmagnsstjóri. Einn af aðalhvatamönnum þess, að teknar var upp kennsla í verkfrædigreinum í Háskóla Íslands.

unni í viðunandi horf í sambandi við fyrirhugaðar byggingar.“

Ennfremur taldi Steingrímur, að ekki væri „sjáanleg nein ástæða fyrir því, að ekki megi fá fulla viðurkenningu erlendra háskóla fyrir fyrri hluta prófi í verkfræði hér við háskólan“.

Prátt fyrir jákvæðar niðurstöður Stein-gríms og áhuga háskólans og margra verkfræðinga á málinu voru þó ekki allir á eitt sáttir. Kom það skýrt fram á fundi í Verkfæðingafélagi Íslands í október 1931, þar sem þessi mál voru til umræðu [7]. Varð ekkert úr því að þessu sinni, að nýjar námsgreinar væru teknar upp við háskólan, hvorki í verkfræði né í öðrum greinum. Mun bágur fjárhagur ríkissjóðs og húsnaðisvandi háskólans hafa valdið mestu um það, að ekkert varð úr framkvæmdum.

Í lögum nr. 97 3. maí 1935 um rannsóknastofnun í þarfis atvinnuveganna við Háskóla Íslands er gert ráð fyrir stofnun, sem fjalli um málefni iðnaðar, landbúnaðar og fiskveiða [8]. Í 14. grein laganna segir m.a., að þegar því verði við komið „skal tekin upp kennsla við Háskólan í þeim fræðigreinum, sem Rannsóknastofnun einkum fjallar um, og skyldum námssgreinum. Skal þá lögð áherzla á fyrrihlutanámsgreinar teknískra fræða og náttúruvíða, með hlíðsjón af, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis“. Þessi stofnun, sem gekk undir nafninu Atvinnudeildin, tók til starfa hinn 18. september 1937 í nýbyggingu, sem háskólinn reisti yfir starfsemina – hinni fyrstu á háskólaþóðinni. Ekki varð neitt úr því, að framangreint ákvæði um kennslu á vegum stofnunarinnar kæmi til framkvæmda.

## 3. Heimsstyrjöld – námsleiðir lokast

Haustið 1939 skall á síðari heimsstyrjöldin, og með því lokaðust ýmsar hefðbundnar leiðir íslenskra stúdenta til náms erlendis. Með hernámi Danmerkur og Noregs á árinu 1940 var endanlega loka fyrir það skotið, að íslenskir stúdentar kæmust til þessara landa til náms. Fram að heimsstyrjöldinni höfðu flestir íslenskir verkfræðingar fengið menntun sína í Danmörku, en einnig allnokkrir í Þýskalandi.

Pegar svo var komið, að venjulegar námsleiðir fyrir verkfræðistudenta voru ekki lengur færar, hófst Verkfæðingafélag Íslands handa um að knýja á við háskólayfirvöld og stjórvöld, að úr þessum málum yrði bætt með því að taka upp verkfræðikennslu við háskólan. Hinn 8. febrúar 1940 var haldinn fundur í verkfræðingafélaginu, þar sem umræðuefnin var „tekniskt nám við Háskóla Íslands“ [9]. Framsögumaður um málið var Helgi Hermann Eiríksson, og ræddi hann um „möguleikana á því að hefja fyrrihlutánam í verkfræði og náttúrufræði við Háskóla Íslands“. Lagði Helgi fyrir fundinn svohljóðandi tillögu:

„Að gefnu tilefni og sérstaklega með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir í heiminum, leyfir Verkfæðingafélag Íslands sér að skora á Alþingi og ríkisstjórnina:

1. Að veita á næstu fjárlögum nægilegt fé til þess, að unnt verði að koma á fót undirbúningskennslu við Háskóla Íslands í verkfræði og náttúrufræði, til þess að stytta nám í þessum greinum erlendis.
2. Að fela Háskóla Íslands að gera ráðstafanir til þess að kennsla í

þessum fræðum geti hafist þegar á næsta hausti og leita jafnframt samkomulags við þá erlenda háskóla, sem í því efni koma helst til greina, um að viðurkenna fyrri hluta próf í verkfræði og náttúrufraeði, er tekið væri hér heima.

Um fyrirkomulag námsins yrði nánar ákveðið með reglugerð.

EKKI voru allir fundarmenn sammála um þetta mál, og lyktaði fundinum með því, að kosin var þriggja manna nefnd „til þess að athuga tillögu Helga H. Eiríkssonar og mál það, sem hún fjallar um.“ Var afgreiðslu málsins síðan frestað.

Um sumarið 1940 flutti háskólinn í ný og rúmgóð húsakynni, sem mjög var tímabært orðið, því að húsnæðispængslí höfðu verulega hamlað þróun stofnunarinnar fram að þeim tíma. Eins og að fram-

skólarektor, Alexander Jóhannesson, boðið að sitja fundinn. Varð þetta langur og strangur fundur, umræður miklar og sjónarmiðin ekki öll á eina lund. Lyktaði fundinum með því, að sampykktar voru eftirfarandi tvær tillögur:

a. Tillaga borin fram af Steingrími Jónssyni:

„Fundurinn sampykkir að V.F.I. aðstoði Háskóla Íslands við að undirbúa og koma á fót nú þegar kennslu í verkfræði við háskólanum fyrir byggings-, vélá- og rafmagnsverkfræðinga, eftir því sem bókakostur leyfir og kennslukrafter fást til og felur stjórn félagsins ásamt háskólanefndinni framkvæmd málsins.“

b. Tillaga borin fram af Helga H. Eiríkssyni:




Finnbogi Rútur Þorvaldsson  
verkfræðingur



Leifur Ásgairsson stærðfræðingur

rúmri viku eftir framangreindan fund í verkfræðingafélaginu. Var það kennsla í teiknum, sem Finnbogi Rútur Þorvaldsson verkfræðingur hafði með höndum. Nokkuð dróst, að kennsla gæti hafist í öðrum greinum, þannig að fullri kennslu í öllum námsgreinum varð ekki komið á fyrst en í fyrstu viku nóvembermáðar 1940.

EKKI var öllum erfiðleikum vegna verkfræðikennslunnar rutt úr vegi þetta fyrsta námsára. Enda þótt íslenskir verkfræðingar hefðu flestir hverjir stundað nám við DTH og áttu sínar námsbækur þaðan, tókst ekki að fá að láni nægilega margar kennslubækur fyrir alla verkfræðinema. Purfti því að láta bækurnar ganga á milli manna. Vegna ófriðarins voru samgöngur við útlönd ótryggar og stopular og þá eingöngu við England og Bandaríki Norður-Ameríku. Engu að síður var þess freistað að útvega frá Dan-



Trausti Einarsson stjórnunarfæðingur

Fyrstu prófessorarnir í verkfræðideild, skipaðir 1. júlí 1945.

An hefur verið rakið að nokkru, hafði það lengi verið mikil áhugamál ráðamanna, jafnt innan háskólans sem utan hans, að auka fjölbreytni í þeim námsgreinum, sem skólinn hefði upp á að bjóða. Nú var húsnæðisvandinn leystur, og styrjöldin hafði valdið því, að þörfin fyrir nýjar námsbrautir var orðin enn brýnni en áður. Verkfræðin var sú námsgrein, sem virðist hafa haft forgang, og þegar um sumarið 1940 mun þáverandi háskólastecktor, Alexander Jóhannesson, hafa fengið vilyrði stjórnvalda fyrir fjárvetingu til þess að hefja kennslu í undirstöðugreinum verkfræðinnar þá um haustið.

ENN er haldinn fundur í verkfræðingafélaginu hinn 10. október 1940 í 1. kennslustofu háskólans [10]. Aðalumræðuefnid var kennsla í verkfræði við Háskóla Íslands, en framsögunaður um málið var Steinþór Sigurðsson. Var há-

„Fundurinn væntir þess, að háskólinn leiti svo fljótt sem auðið er eftir því við útlenda háskóla, að þeir nemendur, er lokið hafa fyrri hluta verkfræðiprofs hér, fái að halda áfram námi þar, án þess að taka samsvarandi próf við skólanu.“

Og undirbúnungur að kennslu í fyrrihlutagreinum í verkfræði hófst af fullum krafti. Hér lendir verkfræðingar voru flestir útskrifaðir frá Danmarks tekniske Höjskole (DTH), og því var ákveðið að taka mið af kennsluháttum og námsfni við þann skóla. Hugðu menn, að auðveldast yrði að útvega þann bókakost, sem þar var notaður. Með samstíltu átaki háskólaysfirvalda og verkfræðinga og með aðstoð kennslumálaráðuneytisins var kennsla hafin í verkfræði við Háskóla Íslands laugardaginn 19. október 1940, aðeins

mörku þær bækur, sem vantaði. Með fulltingi utanríkisþjónustunnar tókst að lokum að koma bókasendingunni hingað heim, og hafði leið hennar þá legið um Portúgal til Bandaríkjanna og þaðan síðan heim til Íslands. En þá var liðið meira en ár frá því að pöntunin var gerð.

Annað, sem verkfræðinmar þurftu nauðsynlega á að halda í náminu, voru teikniáhöld, en þau fengust ekki hér á landi á þessum tíma. Tókst að útvega þessi áhöld frá Bandaríkjunum, en heldur þótti Finnboga Rúti lítið til þeirrar framleiðslu koma og gæðin lítil. Minnist ég þess, er ég innritaðist í verkfræðideild haustið 1946 og kom í fyrstu kennslustund í teiknum með gömul teikniáhöld, sem faðir minn hafði keypt í Þýskalandi 20–25 árum áður, að Finnbogi hafði orð á því, hve miklu vandaðri og betri þau væru en hin amerísku.

Eins og fyrr er getið, var námið miðað við fyrrihlutanám í DTH í byggingar-, vélá- og rafmagnsverkfræði. Var námið í þessum greinum að mestu leyti sameiginlegt fyrstu tvö árin, og var kennslan hér miðuð við tveggja ára nám.

Vel þótti takast til með val á kennurum þetta fyrsta kennsluár í verkfrædináminu, en þeir voru þessir:

Bolli Thoroddsen verkfræðingur  
Brynjólfur Stefánsson tryggingafræðingur

Finnbogi Rútur Þorvaldsson verkfræðingur

Sigurður Thoroddsen verkfræðingur

Sigurkarl Stefánsson stærðfræðingur

Steinþór Sigurðsson eðlisfræðingur

Trausti Ólafsson efnafraðingur.


Leifur Ásgeirsson stærðfræðingur hóf kennslu í háskólanum 1943, og ári síðar

syni, 30. júní [11]. Samkvæmt henni skyldi Háskóli Íslands veita „kennslu til fyrra hluta prófs í verkfræði.“ Í reglugerðinni voru ákvæði um tilhögun kennslunnar, og var þar miðað við tveggja ára kennslu undir fyrrihlutapróf í byggingar-, vélá- og rafmagnsverkfræði. Í reglugerðinni voru ákvæði um námsefni og próffyrirkomulag, og var í þeim efnun tekið mið af kennslutilhögum og námsefni eins og það gerðist í DTH.

#### 4. Síðarihluta-nám í verkfræði tekið upp

Um vorið 1943 útskrifuðust sex fyrstu stúdentarnir með fyrrihlutapróf í verkfræði frá Háskóla Íslands.

Enn var styrjaldarástand ríkjandi á meginlandi Evrópu og útilokað, að þessir



**Pórþjörn Sigurgeirsson** eðlisfræðingur

Skipaðir prfessorar í verkfræðideild 1957 og 1960. Í dag er Magnús eini starfandi prfessorinn í verkfræði- og raunvisindadeildum, sem skipaður var í verkfræðideild hinni eldri.



**Magnús Magnússon** eðlisfræðingur

bætist Trausti Einarsson stjörnufræðingur í kennaraliðið. Kennararnir kusu Finnboga Rút Þorvaldsson forstöðumann kennslunnar. Var hann endurkosinn til þess starfa næstu árin eða þar til í byrjun kennsluársins 1945–1946.

Fyrstu prfófin eftir undirbúningskennsluna í verkfræði þetta fyrsta kennsluár voru haldin vorið 1941. Voru þá eingöngu haldin prf í munnelegri og skriflegri stærðfræði, og gengu undir þau 4 stúdentar. Kennslan og prfítlöhögur voru enn í mótu, en smám saman komst allt í fastari skorður. Voru prf haldin á hverju vori eftir þetta fyrsta ár í þeim undirbúningsgreinum fyrir verkfræði, sem kenndar voru.

Ný reglugerð fyrir Háskóla Íslands, þar sem meðal annars var kveðið á um verkfræðinámið, var samþykkt á Alþingi 1942 og staðfest af ríkisstjóra, Sveini Björns-

álit um það, hvort kleift mundi að koma á kennslu við háskólann til síðarihlutaprófs í verkfræði og þá í hvaða greinum verkfræðinnar.

Nefndin klofnaði og skilaði tveim álitsgerðum um málid hinn 15. júní 1943 [12]. Meirihlutinn, þ.e. fjórir nefndarmanna, skilaði ítarlegri „Álitsgerð um fullnaðarnám í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands“. Var þar gerð grein fyrir því, hvernig þeir félagar teldu, að haga mætti kennslunni við háskólann; og fylgdi kostnaðaráætlun með. Þá var einnig gerð grein fyrir þörfinni hérleidis fyrir verkfræðinga, og töldu þeir „að ekki yrði offjölgun á íslenzkum byggingarverkfræðingum næsta áratug, bót árlega bætist við að jafnaði 4–5 verkfræðingar“. Mæltu þeir að lokum „með því við háskólaráð, að framhaldskennsla í byggingarverkfræði verði hafin við Háskóla Íslands þegar á næsta hausti, að því tilskildu, að nægilegir kennslukraftar fáist“.

Minnihluti nefndarinnar skilaði einnig „Áliti um kennslu til fullnaðarprófs í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands“. Töldu þeir í ljósi þeirrar staðreyndar, að leiðir til náms erlendis voru þá ekki með öllu lokaðar, að „kennsla hér í verkfræði mundi fyrst um sinn enn frekar auka á skort verkfræðinga hér, þar sem starfskraftar margra hinna færstu verkfræðinga vorra færð að nokku leytí til kennslunnar“. Töldu þeir því „ekki tímaðbært enn sem komið er að flytja kennslu til fullnaðarprófs í verkfræði inn í landið“.

Álitsgerðirnar báðar voru sendar háskólaráði, og samþykkti það á fundi sínum 25. júni svofellda tillögu:

„Háskólaráð samþykkir að leggja til við kennslumálaráðuneytið, að hafin verði framhaldskennsla í byggingarverkfræði nú í haust, að því tilskildu, að góðir og nægilegir kennarar fáist til kennslunnar“.


Þessi tillaga var síðan send til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem tilkynnti með bréfi dags. 15. júlí, að ráðuneytið hefði samþykkt, að hafin yrði kennsla í byggingarverkfræði í byrjun næsta kennsluárs. Kennslan hófst 1. október 1943.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands rit- aði rektor háskóla bréf dags. 15. okt 1943 í framhaldi af framangreindum álitsgerðum [12]. Er þar skýrt frá því, að fjall- að hafi verið um þær á fundi stjórnarinnar og þar gerð eftirfarandi samþykkt:

„Par eð háskólaráð hefur ákveðið að hefja fullnaðarkennslu í byggingarverkfræði og kennslumálaráðherra fallizt á það, ályktar stjórn VFÍ að leggja til við rektor Háskóla Íslands: I. Þar eð nær allir byggingarverkfræðingar, er hér starfa, hafa lokið

þrófi við tekniska háskóla í Danmörku, Noregi eða Pýzkalandi, og þeir skólar eru allir mjög fullkomnir – og krefjast margra starfsára, – verði við síðari hluta nám í verkfræðideild Háskóla Íslands lögð áherzla á, að nám og kennsla í öllum aðalatriðum verði eigi minni en í þeim háskólum fyrرنefndra landa, er við hingað til höfum átt að venjast.

II. Að með kennslunni verði miðað að því, að gera nemendur sem hæfsta til að leysa þau verk af hendi, er biða þeirra innan þjóðfélags vors, og verði því leitazt við að veita verkfrædinum sem víðtækasta menntun í gerð þeirra mannvirkja, er þýðingarmest eru í þjóðfélagi voru, svo sem hafnir, bryr, hin margvíslegu mannvirki úr járnþentri steypu, vatnsaflsstöðvar, hitaveitur o. fl.“



**Loftur Þorsteinsson**  
byggingaverkfræðingur

Fyrstu prófessorar í verkfræðigreinum eftir að kennsla til fullnaðarprófs var tekin upp og formenn þeirra nefnda, sem gerðu áætlanir um námið. Loftur og Guðmundur eru ekki lengur starfandi við háskólann.

Kennslu í síðarihlutagreinum í verkfræði sottó þeir sex stúdentar, sem luku fyrrihlutaprófinu vorið 1943. Í þann hóp bættist einnig einn stúdent, sem stundað hafði verkfræðinám í Norges tekniske højskole í Prándheimi (NTH) og lokið þar fyrrihlutaprófi í rafmagnsverkfræði. Próf hans voru viðurkennd, og innritaðist hann til síðarihlutanáms í byggingarverkfræði haustið 1945.

Samkvæmt reglugerð fyrir verkfræðideilda háskólsins frá 1945 [14] voru haldin tvö próf í síðari hluta námsins, miðpróf og aðalpróf. Þeir sex stúdentar, sem tekið höfðu fyrri hlutann í háskólanum 1943, luku aðalprófinu vorið 1946 og skiluðu lokaverkefnum 1. nóvember 1946. Voru þeir brautskráðir í desember sama ár, en sá þeirra, sem síðast innritaðist var brautskráður 15. júní 1948.

Vorið 1945 var endir bundinn á styrj-

oldina í Evrópu, og opnuðust þá á nýjan leik leiðir fyrir íslenska verkfræðistúnta að sækja sérmám til nágrannalandanna. Þótti þá ekki hagsýni í því að halda lengur uppi kostnaðarsamri kennslu í síðarihlutagreinum verkfræðinnar fyrir fámennum hóp stúdentar, og var því sú kennsla feldl niður. Þeir sjö verkfræðingar, sem brautskráðust 1946 og 1948 voru því þeir einu, sem luku þrófi frá háskólanum á þessum árum. Allir þessir menn hafa unnið verkfræðistörf hér á landi og getið sér gott orð á þeim vettvangi. Verður ekki annað sagt, en að þessi sérstæði hópur verkfræðinga sé glöggt dæmi um það, að þessi frumraun háskólangs í síðari hluta verkfræðikennslu hafi tekist í alla staði vel þrátt fyrir frumstæðar aðstæður að öllu leyti, rýran tækjakost og kennaralið, sem hafði þessa kennslu algerlega sem aukastarf.



**Guðmundur Björnsson**  
vélaverkfræðingur

Fyrstu prófessorar í verkfræðigreinum eftir að kennsla til fullnaðarprófs var tekin upp og formenn þeirra nefnda, sem gerðu áætlanir um námið. Loftur og Guðmundur eru ekki lengur starfandi við háskólann.

## 5. Lög sett um verkfræðikennsluna


Í byrjun var verkfræðikennslan ólögfest, og kom Jón Hjaltalín Sigurðsson háskólaréktor inn á það mál í háttíðarræðu sinni á háskólahátiðinni haustið 1944 [15]:

„Kennsla í byggingarverkfræði til fullnaðarprófs hófst haustið 1943. Öll kennsla í verkfræði við Háskóla Íslands er ólögbundin, aðeins veitt fé til hennar á fjárlögum og fjáraukalögum. Háskólaráði virðist þetta fyrirkomulag ófært og fór því fram á það við stjórn og Alþingi, að háskólaþórunum yrði breytt og stofnuð ný deild, verkfræðideild, við háskólanum.“

EKKI LEIÐ LANGUR TÍMI UND ALÞINGI SAM-

þykkt „lög um breyting á og viðauka við lög nr 36 30. júlí 1909, um laun háskóla-kennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936 um Háskóla Íslands“ [13]. Eru það lög nr. 66, sem voru staðfest með undirskrift Sveins Björnssonar forseta 28. desember 1944. Þar með var verkfræðikenkslan loksins orðin lögfest, rúmum fjórum árum eftir að hún byrjaði í háskólanum.

Samkvæmt hinum nýju háskólaþórum skyldu í Háskóla Íslands vera 6 deildir: Guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild, atvinnudeild og verkfræðideild. Þá var í 4. grein laganna kveðið svo á, að í verkfræðideild skyldu vera 3 prófessorar. Ákvæðið í lögumnum um atvinnudeildina sem sjálfstæða háskóladæild kemur nokkuð spánskt fyrir, og er ekki til þess vitað, að



**Björn Kristinsson**  
rafmagnsverkfræðingur

sú deild hafi í raun nokkurn tíma starfað sem slík. Um þetta efni fjallar Þórir Kr. Þórðarson prófessor nokkuð í grein, sem birtist í 1. tölublaði, 1. árg. Tímarits Háskóla Íslands [16].

Þau þrjú prófessorseimbætti í verkfræði, sem stofnuð voru með nýju háskólaþórunum, voru flijólega auglýst, og sottó um þau þrír af kennurum deildarinnar. Voru þeir allir skipaðir prófessorar frá 1. júlí 1945 að telja: Finnbogi Rútur Þorvaldsson í teiknum og vatnsvirkjafraði, dr. Leifur Ásgeirsson í stærðræði og dr. Trausti Einarsson í aflfræði.

Með tilkomu nýju laganna um verkfræðideild þurfti að endurskoða reglugerðina fyrir verkfræðikennsluna. Ákvað háskólaráð þá í samráði við kennara deildarinnar að skipuð skyldi fimm manna nefnd til að vinna verkið. Var nefndin pannig skipuð, að kennrarar deildarinnar

kusu þrjá menn úr sínum hópi, sem síðan völdu með sér two menn frá Verkfraedingafelagi Íslands. Úr hópi kennaranna voru kosnir þeir Finnbogi Rútur Þorvaldsson, Leifur Ásgeirsson og Steinþór Sigurðsson til að semja reglugerð fyrir fyrrihlutanám í verkfræði, en til að semja reglugerð fyrir síðarihlutanám í byggingarverkfræði voru kosnir sömu menn nema Árni Pálsson verkfræðingur kom í nefndina í stað Leifs. Af hálfi verkfræðingafelagsins voru skipaðir í nefndina þeir Árni Snævarr og Kaj Langvad. Formaður nefndarinnar var skipaður Steinþór Sigurðsson. Nefndin lauk störfum hinn 6. júní 1945 og lagði tillögur sínar fyrir háskólaráð. Var þessi reglugerð síðan staðfest með undirskrift forseta Íslands himm 2. ágúst 1945 [14], og var hún prentuð í Árbók háskólans 1944–45 [17].

Í nýju reglugerðinni voru gerðar nokkrar breytingar frá því, sem áður gilti. Voru þær breytingar helstar, að fyrrihlutanámið varð nú þrjú ár í stað tveggja ára, sem var í fyrri reglugerð eins og við DTH. Við fyrrihlutanámið var bætt námskeiðum í landmælingum og húsagerð, og var það þannig sniðið fyrir stúdentu, sem hugðust leggja stund á byggingarverkfræði. Ástæðan fyrir því, að nármistíminn var lengdur, mun fyrst og fremst hafa verið sú, að kennsluárið við Háskóla Íslands var mun styrra en við DTH og hafði reynslan sýnt, að mjög fáum nemendum tókst að ljúka náminu á tveimur árum.

Eins og fyrr var greint frá, var kennslu í síðarihlutaregreinum hætt, þegar þeir sjö stúdentar, sem skráðir voru í það nám, voru brautskráðir. Eftir það var einungis um kennslu í fyrra hluta námsgreinum að ræða í deildinni, og má segja að námsfni og kennslutilhögun hafi að mestu leyti fylgt reglugerðinni frá 1945 næstu 15 árin.

## 6. Verkfraedi-deild í biðstöðu – 1945–1960

A næstu 15 árum voru stofnuð tvö ný professorsembætti við deildina, bæði í eðlisfræði. Þessi nýju embætti býddu þó ekki, að neinar teljandi breytingar hafi verið gerðar á kennslunni, heldur endurspegladist þar sú staðreynd, að það briggja manna kennaralið, sem var fyrir, annaði á engan hátt því briggja ára kennsluefni, sem reglugerðin gerði ráð fyrir. Stór hluti kennslunnar var alla tíð í höndum stundakennara, og var með stofnun hinna nýju embætta ráðin þar á nokkur bót.

Í fyrra professorsembættið var skipaður 29. ágúst 1957 Þorbjörn Sigurgeirsson eðlisfræðingur, og í hið síðara var skipaður 15. september 1960 Magnús Magnússon eðlisfræðingur. Fyrra embætinu fylgdi sú nýjung, að þeim, sem það skip-

aði, voru falin rannsóknastörf á ákveðnu fræðasviði. Í háskólagunum frá 17. júní 1957 segir: „Prófessorinn í eðlisfræði er jafnframt forstöðumaður rannsóknarstofu til mælinga á géislavirkum efnunum. Rannsóknarstofa þessi lýtur Verkfraedeild, og skal setja ákvæði um starfsemi hennar í reglugerð Háskóla Íslands“. Þessi rannsóknastofa, sem löggin kváðu á um, hóf störf sumarið 1958 og hlaut nafnið Eðlisfræðistofnun háskólans. Má segja, að þessi stofnun hafi verið undanfari Raunvísindastofnunar háskólans. Hefur Páll Theódórsson eðlisfræðingur ritað ítarlega grén um þessi og önnur brautryðjanda-störf Þorbjörns í 1. tölublaði, 1. árg. Tímarits Háskóla Íslands [18].

Þegar litið er til baka, læðist óhákvæmilega fram sá grunur, að á tímabilinu 1945–1960 hafi tekið að gæta stöðunum í málefnum Verkfraedeilda. Á upphbyggingarárunum frá 1940–1945 var margt að gerast, kennslan hófst í undirbúningsgreinum verkfræðinnar, og síðan var tekin upp kennsla til lokaprófs. Verkfraedingafelagið tók mjög virkan þátt í öllu undirbúningsstarfinu og kennslan var að stórum hluta í höndum verkfræðinga. Að lokinni heimsstyrjöldinni, þegar horfioð var frá kennslu í síðari hluta námsgreinum, verður hlutur verkfræðinga sáralitill. Aðeins einn af þremur fósum kennurum í verkfræðideild var verkfræðingur, og í lok framangreinds tímabils er hlutur verkfræðinga orðinn enn minni, eða einn af fimm. Kennslutilhögun og námsfnið allt var komið í allfastar skordur og breytingar í þeim efnunum urðu ekki miklar á tímabilinu. Nemendafjöldinn í fyrrihlutanáminu breyttist lítið á þessum árum og útskrifuðust til jafnaðar um 8 stúdentar árlega (sjá súlurit). Á það hefur einnig verið bent, að á þessum árum sótti umtalsverður fjöldi íslenskra stúdenta verkfræðinám til erlendra háskóla. Hafa athuganir leitt í ljós, að af íslenskum verkfræðingum, sem hófu nám á umræddu tímabili, fóru um 40% beint utan til náms [20].

## 7. Hræringar í verkfræðideild 1960–1970

Í byrjun þessa tímabils verður sú breyting á kennaraliði verkfræðideilda, að Finnbogi Rútur Þorvaldsson, sem annast hafði kennslu í teiknun og landmælingu allt frá því er kennsla í verkfræðigreinum hófst 1940, léti af störfum fyrir aldurs sakir á árinu 1961. Eftirmaður Finnboga var skipaður Loftur Þorsteinson verkfræðingur, sem var settur professor 1961, en síðan skipaður í embættið 1. september 1962.

Í byrjun sjöunda áratugarins verður ljóst, að tímabært er orðið að huga að einhverjum breytingum í verkfræðideild. Um þetta leyti hefst gagnger endurskoðun

á verkfræðináminu í DTH, en eins og greint hefur verið frá, var fyrrihlutanámið hér sniðið eftir því danska. Höfðu stúdentar héðan leitað undantekningarlítioð til framhaldsnáms við DTH. Framhaldsnám við aðra tækniháskóla hafði að öðru jöfnu í för með sér tímatóf fyrir stúdentana. Atti það einkum við í rafmagns- og vélaverkfræði, þar sem fyrrihlutanám í þeim greinum var yfirleitt aðgreint frá byggingarverkfræði í öðrum verkfræðiskólum en DTH.

Umraður um eflingu verkfræðimenntunar við HÍ hófust strax í upphafi þessa tímabils. Um haustið 1960 gekkst Verkfraedingafelag Íslands fyrir ráðstefnu íslenskra verkfræðinga – hinni fyrstu slíkri að sögn Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, formanns undirbúningsnefndar og ráðstefnustjóra [19]. Viðfangsefni ráðstefnunnar var tvíþætt: (1) „æðri teknileg menntun í verkfræðum og náttúrufræðum“ og (2) „vélvæding og vinnuhagræðing í íslenskum atvinnuvegum og mannvirkjagerð“. Í ávarpi sínu í upphafi ráðstefnunnar sagði Steingrímur, að „í sambandi við fyrri málefnaflokkinn hefði mátt einnig bæta við lægri teknilegri menntun á landi hér, því að hún er mjög á einförum. En betur þótti fara á því að einbeita sér að háskólamenntunni sérstaklega, enda var það fremur á svíði VFÍ að rökræða og styðja“.

Þrjú erindi voru flutt á ráðstefnunni um menntunarmál. Var eitt þeirra eftir danskan sérfræðing, direktør N. I. Bech, en hin tvö eftir íslenska sérfræðinga, þá dr. Gunnar Böðvarsson, verkfræðing, og Magnús Magnússon, eðlisfræðing. A eftir urðu miklar umraður um þessi mál, og kynnti Steingrímur ályktunartillögu, sem undirbúningsnefndin lagði fram:

„Ráðstefna íslenskra verkfræðinga, haldin í Háskóla Íslands dagana 22. og 23. september 1960, telur, að kennsla í verkfræði við háskólanum á undanförnum áratugum hafi gefist mjög vel og beinir af þeim sökum þeim eindregnu tilmælum til Háskóla Íslands, ríkisstjórnar og Alþingis, að hún verði aukin og endurskipulögð þannig, að hún fullnægi ströngustu kröfum, sem tækniháskólar erlendis gera á hverjum tíma til fyrrihlutaprófs í verkfræði, og verði stefnt að því, að stúdentar í verkfræði við Háskóla Íslands geti lokið þar námi. Jafnframt verði aðstaða rannsókna í náttúrvísindum aukin og bætt, og kannaðir möguleikar að taka upp kennslu til fyrrihluta í þessum fræðum. (Hér er átt við eðlisfræði, stærðfræði og þau fræði, sem professorar eru til í vegna deildarinnar).

Vill VFÍ mælast til, að það fái tækifæri til að vera með í ráðum við endurskipulagninguna og lýsir því

hér með yfir, að það er reiðubúið til að veita aðstoð eftir megni til að bæta og auka kennsluna í verkfræði við Háskóla Íslands, svo að fullnægt verði sem bezt þeim kröfum, sem nútíma tækni og vísindalegar rannsóknir krefjast“.

Við umræður um þessa tillögu komu fram skiptar skoðanir, og þótti ýmsum hún óþarflega margbrotin og ítarleg. Var nokkur hópur fundarmanna, sem vildi, að ráðstefnan sendi frá sér einfaldari og almennar orðaða ályktun. Komu þeir sér saman um svohljóðandi ályktunartillögu:

„Ráðstefna íslenskra verkfræðinga 1960 telur nauðsynlegt, að tæknimenntun í landinu verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar, þannig að hún verði aukin og endurskipulögð í samræmi við kröfur tímans“.

Svo fór, að þessi tillaga var samþykkt samhljóða, en fyrrí tillagan var dregin til baka. Í grein, sem Páll Theódórsson eðlisfræðingur skrifði í Tímarit VFÍ 1970 [20], leiðir hann getum að því, að e.t.v. hefði þróun verkfræðideilda orðið önnur, ef fyrrí tillagan hefði verið samþykkt. Segir hann þar m.a.: „Það er erfitt að stilla sig nú um það að velta því fyrir sér, hver þróun þessara mála hefði orðið, ef tillaga undirbúningsnefndarinnar hefði verið samþykkt óbreytt og henni fylgt fast eftir“.

Pegar kemur fram yfir 1960, verður mikil fjölgun á stúdentum úr staðrfræðideilda menntaskólanum. Var þá fyrirsjáanlegt, að gera þurfti ráð fyrir aukinni aðsókn í verkfræðinámið. Af þessum sökum varð ljóst, að leita þyrti samstarfs við fleiri tekniháskóla en DTH. Með þeim breytingum, sem gerðar voru á náminu við DTH um þetta leyti, var einnig orðið erfitt fyrir stúdenta með fyrrihlutapróf frá verkfræðideild HÍ að stunda þar framhaldsnám í öðrum greinum en byggingarverkfræði.

Framangreindar breytingar í DTH stofnuðu fyrrihlutanáminu í verkfræðideilda HÍ í mikla óvissu. Pégar á árinu 1960 leitaði verkfræðideildin eftir álti Verkfræðingafélags Íslands um fyrirkomulag kennslu í verkfræðigreinum og um það, hvaða stefnu deildin atti að taka í þeim efnunum. Verkfræðingafélagið skipaði hinn 21. desember 1960 sex manna nefnd undir forsæti Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra til viðræðna við kennara deildarinnar um skipulagsmál og kennslu tilhögun í deildinni í framtíðinni. Nefndin skilaði álti á sameiginlegum fundi með professorum verkfræðideilda HÍ hinn 13. apríl 1961. Meginniðurstaða þessara viðræðna nefndarinnar og kennara verkfræðideilda var sú, að æskilegt og jafnvel nauðsynlegt væri að losa námstilhögun að

nokkru leyti úr hinum nánu tengslum við DTH, en leita samræmingar við aðra tekniháskóla á Norðurlöndum og í Þýskalandi og fullrar viðurkenningar á prófi deildarinnar af hendi DTH, KTH og NTH á Norðurlöndum og sem flestra þýskra tekniháskóla.

Endurskoðun námsefnis og samræming við aðra tekniháskóla hófst um haustið 1961. Samningar tókust við NTH í Prándeimi um viðtökum nemenda frá HÍ, og fóru fyrstu verkfræðinemarnir þangað til framhaldsnáms um haustið 1963. Ennfremur var leitað eftir samstarfi við sánska tekniháskóla (KTH í Stokkhólmi og LTH í Lund) 1968, og samþykkti hvor skóli að taka árlega við fimm stúdentum í byggingarverkfræði, til reynslu fyrst um sinn. Fóru samtals tíu stúdentar til framhaldsnáms í byggingarverkfræði til Svíþjóðar um haustið 1968. Jafnhlíða

námsefninu í þeim öllum. Reyndist ógerlegt að fylgja öllum þessum breytingum eftir í verkfræðideildinni, og þótti sýnt, að erfiðleikar af þessum sökum myndu fara sívaxandi.

Hinn 10. október 1964 lagði þáverandi forseti verkfræðideilda, Trausti Einarsen prfessor, fram álitserð um síðarihlutanám í verkfræði við HÍ. Taldi hann óhjákvæmilegt að fara að undirbúa síðarihlutanám í byggingarverkfræði vegna fjölda stúdenta og jafnframt æskilegt, þar sem þá myndu skapast mjög bætt skilyrði til kennslu og rannsókna á svíði verkfræði. Í framhaldi af þessari álitserð ályktaði verkfræðideild hinn 20. nóvember 1964, „að tímabært sé að beina þeim tilmælum til menntamálaráðuneytisins, að það léti kanna þörf og möguleika því, að hér væri hafin kennsla í síðarihlutareginum verkfræði“.

Tillaga þessi var svo rædd á fundi í háskólaráði og síðan send til menntamálaráðuneytisins. Þar virðist henni hafa verið stungið undir stól, því að ekkert gerðist frekar í málunum. Páll Theódórsson fjallar um þetta mál í fyrrgreindri grein í Tímariti VFÍ [20] og er mjög gagnrýnnin á málsmeðferðina alla. Segir hann þar m.a.:

„En hvers vegna tók verkfræðideildin og Háskólinn ekki málid í eigin hendur og lét gera slíka athugun? Verkfræðimenntun á Íslandi hefði getað orðið ómetanlegur styrkur að því, þar sem þá hefði væntanlega verið hægt að hefja fulla verkfræðikennslu mun fyrir hér á landi, og þá hefði einnig mátt komast ljá hinni miklu tímabréng, sem hrjáir nú alla áætlanagerð verkfræðideildarinnar og framkvæmdir“.

Til að yta nokkuð á málid leitaði Tímarit VFÍ um þetta leyti til sjö velþekktra verkfræðinga og lagði fyrir þá eftirfarandi spurningar:

1. Teljið þér æskilegt að hefja kennslu í seinnihluta verkfræði við Háskóla Íslands? Hvaða greinar verkfræðinnar koma þá helst til greina?
2. Hvaða aðstöðu þarf að skapa við háskólanum til að hann geti rækt slíkt verkefni?

Svör sjómenninganna voru prentuð í Tímariti VFÍ [21]. Sex þeirra svöruðu fyrri spurningunni afdráttarlaust játandi, og töldu byggingarverkfræði helst koma til greina til að byrja með.

Hin jákvæðu svör þessara reyndu og þekktu verkfræðinga reyndust ekki hafa mikil áhrif, og málefni verkfræðikennslunnar hjókkuðu í sama farinu enn um skeið. En á þessum árum tók nýstúdent-



Valdimar K. Jónsson professor í vélaverkfræði. Fyrsti forseti verkfræðideilda hinnar nýju.

þessu tók DTH öll þessi ár á móti íslenskum verkfræðistudentum í framhaldsnáms. Héldust þessi samskipti við fyrrgreinda skóla öll þau ár, sem fyrrihlutamánið var við lýði í HÍ. Alltaf leitaði stærstur hópur stúdentanna til DTH, en eftir 1968 fóru einnig allmargir til LTH. Þá má og geta þess, að um haustið 1971 tók Chalmers Tekniska Högskola (CTH) í Gautaborg við tveimur stúdentum í rafmagnsverkfræði.

Það kom fljótegla í ljós, að meginvandamál verkfræðideilda var það, hvernig búa ætti stúdenta undir síðarihlutanám við a.m.k. fjóra tekniháskóla, sem hver fyrir sig kenndi mismunandi námsefni fyrstu árin, án þess að lengja námstímann eða hlaða á hann um of. Fyrrigreindir tekniháskólar hófu endurskoðun námsefnis á þessu tímabili, og voru gerðar meiri eða minni breytingar á

um að fjlóga verulega, og samhliða höfðu þarfir þjóðfélagsins fyrir æðri menntun vaxið hröðum skrefum og orðið æ fjlóbreitilegri. Til að koma til móts við þessar þarfir var reglugerð deildarinnar breytt árið 1965 og tekin upp kennsla til BA-prófs í raungreinum [22]. Miðaðist þetta nám við menntun kennara fyrir gagnfræðaskóla, og kvað reglugerðin svo á, að kennslu- og prófgreinar skyldu vera stærðfræði, eðlisfræði, efnafraði, líffræði, landafræði og jarðfræði. Kennsla í stærðfræði og eðlisfræði hófst haustið 1966.

Samhliða þessum breytingum fór rannsóknastarfsemi allmjög í vöxt. Framkvæmdabankinn gaf háskólanum rafreikni af gerðinni IBM 1620 á árinu 1963, og þá var stofnuð Reiknistofnun háskólans. Einnig var byggt yfir rannsóknir í raunvisindum, og tók Raunvísindastofnun Háskólans þar til starfa 1966. Vísir hennar var Eðlisfræðistofnunin, sem fyr var nefnd, en nýjar rannsóknastofur á Raunvísindastofnun voru á sviði stærðfræði, efnafraði og jarðeðlisfræði. Gunnar Böðvarsson verkfræðingur var skipaður prófessor í jarðeðlisfræði við verkfræðideild í ársbyrjun 1968, en hann sá sér ekki fært að taka við embættinu. Var því þá breytt í prófessorsembætti í jarðfræði og landafræði, og var dr. Sigurður Pórarinsson settur prófessor frá 1. ágúst 1968 og skipaður ári síðar. Voru prófessorar í deildinni þar með orðnir sex að tölu. Um haustið 1968 hófst síðan kennsla í náttúrufræðum á vegum deildarinnar, þar sem námsgreinarnar voru jarðfræði, landafræði og líffræði.

Vegna aukinnar áherslu á kennslu í raungreinum var nafni verkfræðideilda breytt með lögum nr. 22 1969 í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands [23]. Síðar þetta sama ár var reglugerð deildarinnar breytt, þar sem kveðið var á um skiptingu deildarinnar í fjórar skorir: stærðfræðiskor, eðlisfræðiskor, verkfræðiskor og náttúrufræðiskor [24].

Framangreindar breytingar á verkfræði- og raunvísindadeilda voru þó engin framtíðarlausn, og var ljóst, að taka yrði allt hlutverk HÍ til gagngegarr endurskoðunar. Að ósk háskólaráðs skipaði Gylfi P. Gíslason þáverandi menntamálaráðherra svokallaða Háskólanefnd haustið 1966, sem skyldi gera áætlun um starfsemi háskólans næstu two áratugi. Formaður nefndarinnar var skipaður Jónas H. Haralz bankastjóri, og var nefndinni falið að skila álti innan tveggja ára. Framan af sóttist nefndinni verkið nokkuð seint, enda mun hún ekki hafa fengið þann fasta starfsmann, sem gert hafði verið ráð fyrir.

Til að ýta á Háskólanefndina ítrekaði

verkfraðideild á fundi sínum hinn 25. mars 1968 fyrri ályktun sína frá 20. nóvember 1964, sem áður var getið. Ennfremur leitaði deildin til VFÍ með ósk um það, að félagið skipaði sérstaka nefnd til að fjalla um málið. Brást VFÍ fljótt og vel við og skipaði nefnd undir forsæti dr. Gunnars Sigurðssonar yfirverkfræðings, og var Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor tilnefndur af verkfræðideild til að vera nefndinni til ráðuneytis. Um haustið 1968 fór Háskólanefnd þess ennfremur á leit við verkfræðideild, að gerðar væru tillögur um æskilegt starfslíð við deildina næstu two áratugi. Á fundi deildarinnar hinn 8. október 1968 voru prófessorarnir Magnús Magnússon, Sigurður Pórarinsson og Loftur Þorsteinsson þáverandi forseti verkfræðideilda kosnir í nefnd til að gera umbeðnar áætlanir.

verkfraði yrði tekin upp á árabilinu 1975–1980.

Í framhaldi af þessu álti prófessoraneftndarinnar var á fundi verkfræðideilda í janúarlok 1969 stofnuð önnur nefnd skipuð kennurum í deildinni, þeim Guðmundi Eggertssyni líffræðingi og prófessorunum Lofti Þorsteinssyni og Þorþirni Sigurgeirssyni. Hlutverk þessarar nefndar skyldi vera að gera frumáætlun með tilloðguuppdráttum um húsnæðisþörf deildarinnar næsta áratug. Nefndin skilaði álti í júnímánuði sama ár, sem nefndist „Húsnæðisþörf verkfræðideilda“ [26]. Nefndin lagði til, að þá þegar yrði hafinn undirbúningur að fyrsta áfanga verkfræðideildaþbygginga, þannig að unnt yrði að bjóða út framkvæmdir vorið 1970. Var í álitinu talið eðlilegt að miða við, að fyrsti áfangi fullnægði þörfum deildarinnar allt fram til



Á teiknistofu verkfræðideilda vorið 1947. Á myndinni eru talið frá vinstrí: Pál Flygenring, Bragi Guðmundsson, Hjálte Einarsson, Guðmundur Magnússon, Finnbogi Rútur Þorvaldsson prófessor, Sigurhjörtur Pálmasen, Þorbjörn Karlsson, Gunnar Sigurðsson, Baldur Sveinsson og Þórir Sveinbjörnsson.

## 8. Nefndir skila áltisgerðum

Þegar líða tók á sjöunda áratuginn, voru þannig starfandi þrjár nefndir, sem fjölluðu um málefni verkfræði- og raunvísindadeilda. Ein þeirra, Háskólanefndin, hafði reyndar nokkru viðtækara starfssvið en deildina eina, þar sem hún fjallaði um málefni háskólans almennt. Prófessoraneftndin, sem skipuð var vegna beiðni Háskólanefndar, hafði skamman tíma til starfa, og skilaði hún álti í janúarmánuði 1969, sem bar heitið „Prórun verkfræðideilda áratugina 1970–1990“ [25]. Þar var m.a. lagt til, að á árabilinu 1970–1975 yrði tekin upp fyrrhlutakennsla í eðlis- og efnaverkfræði og kennsla í síðarihlutagreinum byggingarverkfræði, en kennsla í síðarihlutagreinum véla- og rafmagns-

ársins 1975 og að hægt yrði að taka í notkun verulegan hluta hans strax um haustið 1971. Þá reiknaði nefndin jafnframt með því í áltisgerðinni, að verkfræðideildin fengi á umræddu tímabili afnot af húsi Atvinnudeilda Háskólans jafnóðum og það losnaði. Var lagt til, að náttúrufræðiskor deildarinnar fengi það til afnota.

Um þetta leyti, þ.e. í júnímánuði 1969, fóru þeir Jónas H. Haralz formaður Háskólanefndar og Ármann Snævarr þáverandi háskólastjóri þess á leit við prófessorana Loft Þorsteinsson og Þorbjörn Sigurgeirsson, Bjarna Kristjánsson skólastjóra Tækniþóla Íslands og dr. Gunnar Sigurðsson yfirverkfræðing, að þeir semdu áltisgerð um það, hvort þörf væri á skammtíma tækninámi og hvar heppilegast væri að ætla því stöðu í skóla-

kerfinu. Nefndin skilaði áltí í ágústmánuði sama ár [27]. Þar var lagt til, að tekið yrði upp fjögurra ára verkfræðinám (BS-nám) við HÍ. Ennfremur lagði nefndin til, að komið yrði á skammtíma tækninámi með því að stofna tæknideildir við íslenska menntaskóla að særskri fyrir-mynd. Einnig var í nefndinni fjallað um framtíðarstöðu Tækni-skóla Íslands, en samstaða náðist ekki í nefndinni um það mál.

Háskólanefnd lauk störfum og skilaði ítarlegri skýrslu í september 1969, sem nefndist „Efning Háskóla Íslands“ [28]. Ekki voru þar gerðar tillögur um það, hvernig skipuleggja skyldi nám hinna ýmsu deilda í einstökum atriðum, en bent var á, að það hljóti að verða verkefni deildanna sjálfa. Jafnframt var tekið fram, að tillögur einstakra deilda þyrftu að liggja fyrir í ársþyrjun 1970, ef unnt ætti að vera að endurskoða þær og samræma í tæka til fyrir undirbúning fjárlaga ársins 1971.

Pegar er skýrsla Háskólanefndar lá fyrir, fól háskólaráð einstökum deildum að gera tillögur um skipulag kennslu og fjölgun námsbrauta. Kom það í hlut verkfræðiskorar að fjalla um nám, en miðaði að undirbúningi að verkfræðistörfum, og að gera tillögur um sénmásgreinar, er veita þyrfti kennslu í með þetta fyrir augum. Stjórnarnefnd skorarinnar lauk tillögugerð sinni í janúar 1970, og sendi þær forseta verkfræði- og raunvísindadeilda með bréfi dags. 17. janúar 1970. Tillögur skorarinnar voru í aðalatriðum eftirfarandi:

- Haustið 1970 verði hafin kennsla til almennra prófa (BS-prófa) í byggingarverkfræði, vélaverkfræði og rafmagnsverkfræði.
- Námstími verði fjögur ár, en jafnframt verði kennsluárið lengt frá því, sem áður var, þannig að raunverulegur kennslu- og próftími verði fullir níu mánuðir.
- Skipaðar verði nefndir sérfræðinga til að fjalla nánar um einstaka þætti væntanlegrar kennslu.
- Um kennslu í eðlis- og efnaverkfræði verði fjallað, þegar fyrir liggja álitsgerðir stærðfræði- og eðlisfræðiskora um kennslu í viðkomandi greinum svo og álit efnasfræðinefndar.
- Skipaðar verði sérstakar nefndir til að fjalla um hugsanlega kennslu í húsagerðarlist, veiðiverkfræði og fiskiðnaðarverkfræði.

Pegar hér var komið sögu, var nefnd sú, sem VFÍ hafði skipað að beiðni verkfræðideilda og fyrir var getið, langt komin í sínum störfum. Nefndin, sem hlotið

hafði nafnið Háskólanefnd VFÍ, skilaði áltí 15. maí 1970, sem nefndist „Skipulag verkfræði- og tæknináms“ [29]. Varð hún sammála um þá höfuðniðurstöðu, „að stefna bæri að því að taka upp kennslu hér á landi í ákveðnum verkfræðigreinum til lokaprófs eftir fjögurra ára nám.“

Verkfræði- og raunvísindadeild, háskólastektor og háskólaráð samþykktu ofanneyndar tillögur verkfræðiskorar, liði a-c, og staðfesti menntamálaráðuneytið reglugerð um námið í júnímánuði sama ár [30]. Jafnframt skipaði rektor háskólangs þjár nefndir til að undirbúa væntanlega kennslu til BS-prófs í byggingarverkfræði, vélaverkfræði og rafmagnsverkfræði. Samkvæmt erindisbréfi nefndanna var þeim gert að skila bráðabirgðaálti eigi síðar en 1. mars 1971, en lokaálit skyldi liggja fyrir hinn 1. júlí 1971.

Atburðarásin gerðist nú allhröð. Fram-ágreindar þjár nefndir, sem hver var skipuð fimm verkfræðingum, skiluðu allar ítarlegum álitsgerðum eins og fyrir þær var lagt [31,32,33]. Var í þeim öllum reiknað með því, að stúdentar mundu að loknu burtfararprófi (BS-prófi) hljóta full starfsréttindi og heimild til að bera starfshetið verkfræðingur í samræmi við íslensk lög. Jafnframt var gert ráð fyrir því, að þeir BS-verkfræðingar, sem þess óskuðu, gætu lokið sérgeinaprófi (MS-prófi) að loknu eins til tveggja ára námi við erlenda tækniháskóla, sem verkfræðideild mundi semja við um slíkt nám.

Námið til BS-prófs í verkfræði miðast við fjögur ár, þar sem námsárið skiptist í tvö 15 vikna kennslumisseri og tveggja vikna próftíma í lok hvors misseris. Sú nýjung var tekin upp, að námsgreinar allar fengu nú sínar vogtölur eða námseiningar, þar sem hver námseining svarar til einnar viku vinnu. Pannig er fullt nám 15 námseiningar á misseri og til að ljúka fullnaðarprófi þurfa stúdentar að ljúka 120 námseiningum. Þetta fyrirkomulag hefur haldist óbreytt fram á þennan dag, þó að nokkrar breytingar hafi orðið á námskeiðum og innihaldi einstakra námskeiða.

Pegar kennsla til fullnaðarprófs í verkfræðigreinum var nú hafin, kallaði það á aukinn kennslukraft við verkfræði- og raunvísindadeild. Pegar kennslan hófst, voru fastráðir kennrar í verkfræðigreinum 2: Loftur Þorsteinsson professor í byggingarverkfræði og Guðmundur Björnsson professor í vélaverkfræði. Pegar nefndarálitin þjú um verkfræðikennsluna komu út [31,32,33], hafði bæst við eitt prófessorsembætti í rafmagnsverkfræði, en í það var skipaður Björn Kristinsson, og ein dósentsstaða í byggingarverkfræði, sem Ragnar Ingimarsson var skipaður í. Álitsgerðunum öllum var gerð áætlun um nauðsynlega fasta kennslukrafta og hvenær þeir þyrftu að koma til starfa. Voru þessar áætlanir mjög hliðstæðar hjá öllum nefndunum, eins og sést á eftirfarandi skiptingu milli greinanna þriggja:

	Byggingarverkfræði	Vélaverkfræði	Rafmagnsverkfræði
Prófessorar	5	4 (2)	3
Dósentar	2	3 (2)	5

Töldu nefndirnar æskilegt, að verulegur hluti BS-verkfræðinga mundi leggja stund á slíkt framhaldsnám.

## 9. Kennsla til fullnaðarprófs í verkfræði hafin

Haustið 1970 hófst síðan kennsla í BS-verkfræði við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. Jafnhliða var tekin upp kennsla til fyrrhlutaprófs í efnaverkfræði og eðlisverkfræði. Voru þær greinar teknar upp í samræmi við álit nefnda, sem skipaðar voru til að fjalla um þessar greinar [34,35]. Einnig var á sama tíma breytt skipulagi náms í raungreinum og tekin upp þriggja ára kennsla til BS-prófs. Um þann hluta kennslunnar í verkfræði- og raunvísindadeild verður þó ekki fjallað frekar í þessu yfirliti, en eingöngu lítið á þróun kennslunnar í verkfræðigreinum.

Tölur í svigum hjá vélaverkfræði tákna stöður, sem eiga eingöngu við skipaverkfræði. Fyrstu áætlanir miðöndust alltaf við það, að tekin yrði upp kennsla í skipaverkfræði samhliða vélaverkfræðinni, en námsfni þessara tveggja greina er mjög líkt stóran hluta námstímans. Pegar til kastanna kom, var innritun stúdenta í skipaverkfræði mjög dræm, og engar fastar stöður fyrir þessar kennslugreinar fengust. Voru því allar áætlanir um þessa kennslu fljóttlega lagðar á hilluna.

Tímaáætlun verkfræðinefndanna þriggja um skipun í framangreindar kennslustöður er sýnd á meðfylgjandi tröppurit. Í öllum áætlununum var gert ráð fyrir því, að þessar stöður fengust fylltar fyrir eða um mitt ár 1973. Reynslan varð hins vegar nokkuð önnur, þar sem einungis hafa fengist 6 stöður í hverja hinna þriggja greina. Í byggingarverk-

fræði var skipað í 6. kennslustöðuna síðla árs 1975, en í vélaverkfræði var 6. staðan fyllt á síðasta ársfjórðungi 1976. Í rafmagnsverkfræði var skipað í fjórðu stöðuna í ársbyrjun 1976, fimmsta staðan fíkkst ekki fyrir en síðla árs 1982, en svo skammur tímí er liðinn síðan heimild fíkkst fyrir 6. stöðunni, að ekki hefur unnist tímí til að skipa í hana, þegar þetta er ritað. Þessi þróun er einnig sýnd í töppuritinu, þar sem glöggum kemur fram, hve mjög stöðuveitingar hafa verið og eru enn á eftir því, sem áætlað var.

Í áætlunum verkfræðinefndanna var fjöldi fastra kennara við það miðaður, að hlutur stundakennara yrði innan hæfilegra marka. Var með því reiknað, að kennsluskylda fastra kennara næmi í kringum 55% kennslunnar, sem byðdi, að um 45% yrði í höndum stundakennara. Eins og þróun þessara mála varð, þarf ekki að

efnafræði og var áætlað, að það myndi fullnægja þörfum deildarinnar fyrir kennsluhúsnæði fram til kennsluársins 1974–1975. Byggingin var boðin út þá um sumarið, og hófst kennsla í því í upphafi vormisseris 1972. Þá þegar hófst undirbúnungur að öðrum áfanga, VR-II, en í þeiri byggingu eru kennaraherbergi, bókasafn deildarinnar og lesstofur stúdentum, teiknistofur, kennslustofur og skrifstofur deildarinnar. Á neðstu hæðinni var komið fyrir æfingaaðstöðu fyrir verklega kennslu í verkfræðigreinum. Byggingaframkvæmdum þessa áfanga lauk haustið 1975, er byggingin var tekin í notkun. Þá þegar var húsnæðið orðið of lítið, sem sést á því, að a.m.k. þrír af föstum kennurum í verkfræðigreinum hafa orðið að notast við bráðabirgðaaðstöðu í skrifstofuhúsnæði.


Nokkur bið varð á því, að framkvæmd-

Eins og fyrr er frá skýrt var í alitsgerðum verkfræðinefndanna miðað við, að stúdentar sem lyku burtfararprófi í verkfræði (BS-prófi) myndu öðlast rétt til að kalla sig verkfræðing í samræmi við íslenska lögjöf. Verkfræðingafélag Íslands er sá aðili hérlandur, sem veitir umsögn um það til stjórnvalda, hvort nám sé þess eðlis, að menn öðlist þennan rétt. Því var skipuð nefnd í VFÍ um það leyti, sem BS-kennslan hófst, þ.e. um haustið 1970, sem „látu skyldi stjórn félagsins í té álit um það, hvort VFÍ eigi að viðurkenna BS-próf eftir 4 ára nám í byggingar-, vél- og rafmagnsverkfræði við verkfræði- og raunvísindadeild HÍ sem fullgilt verkfræðipróf“ [36]. Nefndin skilaði álti í ársbyrjun 1974, þar sem mælt var með því við stjórn VFÍ, að hún viðurkenni BS-prófið sem fullgilt verkfræðipróf. Tilkynnti stjórn VFÍ síðan Háskóla Íslands í brefi dags 8. febrúar 1974, „að hún muni viðurkenna umrætt próf sem fullgilt verkfræðipróf, en óskar eftir því að mega fylgjast með þróun verkfræðikennslu við háskólann framvegis“ [36].

Þær skoðanir komu fljótegla fram í verkfræðiskor deildarinnar, að BS-próf í raunvísindagreinum væru ekki sambærileg við fyrirhuguð BS-próf í verkfræðigreinum. Í verkfræðigreinum væri fyrirhugað fjögurra ára nám til BS-prófs, en hins vegar væri BS-próf í raunvísindagreinum (stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, jarðfræði og landafræði), sem miðaðist við þriggja ára nám. Var samþykkt í verkfræðiskor, að fullnaðarpróf í verkfræðigreinum skyldi einfaldlega kallast lokapróf í verkfræði, og hefur fullnaðarpróf í verkfræði frá deildinni aldrei borið BS-nafnið.

Í júní 1974 útskrifuðust 14 nemendur frá verkfræði- og raunvísindadeild með lokapróf í verkfræðigreinum. Þar af voru 9 byggingarverkfræðingar, 2 vélaverkfræðingar og 3 rafmagnsverkfræðingar. Var þetta fyrsti hópurinn, sem útskrifaðist samkvæmt nýja fyrirkomulaginu og voru þetta því merk tímamót í sögu Háskóla Íslands og íslenskra verkfræðinga. Í tilefni af því samþykkti verkfræði- og raunvísindadeild og háskólaráð að veita Steingrími Jónssyni, rafmagnsverkfræðingi og fyrverandi rafmagnsstjóra, heidursdoktorsnafnbót í verkfræði. Forseti verkfræði- og raunvísindadeildaðar á þessum merku tímamótum var Guðmundur Björnsson, professor í vélaverkfræði, og í ávarpi, sem hann flutti við þetta tækifæri sagði hann m.a. [37]:

„Steingrímur hefur ritað manna mest um rafmagnsmál á íslenska tungu og hefur verið og er enn mjög áhugasamur og afkastamikill við þýðingu erlendra tækniorða og myndun nýyrða í tækni- og vísindamáli.“



Verkfræðistudentar slappa af á töppum barnaskólangs í Hveragerði ásamt Finnborga Rúti Þorvaldssyni professor. Þeir dvöldust þar á meðan námskeið í landmælingum stóð yfir sumarið 1949. Á myndinni eru frá vinstrí: Ásgeir H. Karlsson, Þétur Guðmundsson, Einar Sigurðsson, Finnbogi Rútur, Ólafur Guðmundsson og Aðalsteinn Júlíusson.

taka fram, að þetta takmark hefur aldrei náðst. Hlutur stundakennara og yfirvinnu fastra kennara hefur verið um 65%, sem að allra álti er alltof hátt hluffall.

Það segir sig sjálf, að aukin starfsemi deildarinnar kallaði á aukið húsrými. Hér að framan var skýrt frá störfum nefndar, sem skipuð var á fundi í verkfræðideild í ársbyrjun 1969, sem gera skyldi frumáætlun um húsnæðispörf deildarinnar næsta áratug [26]. Voríð 1970 var lokið uppdráttum af fyrsta áfanga af hússamstæðu verkfræði- og raunvísindadeildar við horn Suðurgötu og Hjarðarhaga í samræmi við tillögur húsnæðisnefndar. Þessu húsi, sem gefið var nafnið VR-I, var áætlað að hýsa kennslu í verklegri eðlis- og

ir hæfust við þriðja áfangann, VR-III. Þessi áfangi liggr meðfram Suðurgötu og hófust framkvæmdir við hann um voríð 1982. Var þá grafið fyrir grunni byggingarinnar, en frekari framkvæmdir biðu enn um hríð. Á árinu 1984 var síðan hafist handa um framkvæmdir við hluta af þessum áfanga, og standa vonir til þess, að hann komist í gagnið í byrjun næsta árs. Þarna á að vera aðstaða fyrir verklega kennslu í verkfræðigreinum, sem þá flyst úr VR-II. Einig verður þar skrifstofuhúsnæði fyrir þá af fastráðnum kennurum í deildinni, sem enn eru í bráðabirgðahúsnæði. Þá er og fyrirhugað, að hluti af starfsemi Verkfræðistofnunar flytjist í þetta húsnæði.

Hann hefur stuðlað að því, að komið yrði á kennslu í verkfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur ætluð sýnt deildinni áhuga og var þar profðomari um árabil.

Með brautryðjandastarfí sínu hefur Steingrímur Jónsson unnið verkfræði og raunvísindum hér á landi mjög mikil gagn, og vill verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands votta honum virðingu sína með því að sáma hann nafnbótinni doctor technicae honoris causa“.

Þarna voru vissulega orð í tíma tölus, því að Steingrímur var alla til mjög virkur í menntunarmálum íslenskra verkfræðinga og mikill hvatamaður þess, að kennsla til lokaprófs yrði tekin upp við

	Byggingarverkfræði	Véla-verkfræði	Rafmagnsverkfræði
Útskrifaðir alls	155	94	137
Alls í framhaldsnám	117	71	—
Ph.D./Lic.techn. próf	4	9	—

Því miður tókst ekki að afla upplýsinga um fjölda rafmagnsverkfræðinga, sem farið hafa til framhaldsnáms, en ekki er ástæða til að ætla, að hlutfall þeirra sé lægra en annarra verkfræðinga, þ.e. 75–76%. Þetta er nokkuð hátt hlutfall, en þess var einmátt vænst, þegar kennslan hófst, að sem flestir verkfræðingar mundu leita í framhaldsnám erlendis. Með því móti auka þeir viðsýni sína og bæta upp

kennslunnar, og ekki síður var talið eðlilegt, að væntanlegir kennrar fengju sjálfir að móta tillögur um það, hvernig rannsóknamálum þeirra skyldi háttáð.

Fyrstu árin höfðu fastir kennrar í verkfræðigreinum enga aðstöðu til rannsókna við deildina. Í fáeinum tilvikum voru hins vegar gerðir samningar við aðrar stofnanir um rannsóknaraðstöðu fyrir einstaka kennara (Póst og síma, Orkustofnun, Rannsóknastofnun byggingaríðnaðarins). Þessir samningar gafust þó ekki vel og mun lítið hafa orðið úr samstarfi milli háskólangs og þessara stofnana um verkfræðilegar rannsóknir.

Miklar umræður urðu um það fyrstu árin, hvernig rannsóknum verkfræðikennara skyldi fyrir komið, þ.e. hvort leita skyldi eftir samningum við aðrar stofnanir um rannsóknaraðstöðu fyrir alla professora og dósentra í verkfræði eða hvort stofna skyldi nýja stofnun, sem veitti þessa aðstöðu. Niðurstöður þeirra urðu þær, að talið var rétt að setja á laggirnar við háskólann rannsóknarstofnun í verkfræði [38].

Hinn 8. nóvember 1977 undirritaði þáverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, reglugerð fyrir Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, og tók hún gildi 1. janúar 1978. Samkvæmt 2. grein reglugerðarinnar er hlutverk stofnunarinnar:



Prúðbúnir fyrrihlutastúdentar við útskrift frá H.I. vorið 1967. Myndin er tekin í tröppum í anddyri aðalbyggingar háskólangs. Í neðstu tröppu standa prófessorarnir Trausti Einarsson, Leifur Ásgeirsson og Loftur Þorsteinsson. Í næstu tröppu eru frá vinstrí Niels Índriðason, Þóra Ásgerðóttir, Gunnar Jóhannesson, Hreinn Frímannsson. Þar fyrir aftan eru Sveinn Snæland, Ragnar Ragnarsson, Ólafur Erlingsson, Tómas Tómasson, og í efstu tröppu eru Guðbrandur Steinþórsson, Gísli Viggósson og Þórður Búason.

Hí, eins og fram hefur komið hér að framan. Var þessi viðurkenning verkfræði- og raunvísindadeilda á störfum hans því tímabær og vel við hafi, að hún fylgdi fyrstu útskrift íslenskra verkfræðinga samkvæmt nýju reglugerðinni.

Þegar þetta er ritað, hafa verið brautskráðir frá háskólanum 13 árgangar með alls 386 verkfræðingum. Er á meðfylgjandi tröppurití sýnt, hvernig þeir skiptast á milli ára og á milli skoranna þriggja. Allflestir þessara verkfræðinga hafa leitað utan til frekara náms eins og eftirfarandi sundurliðun sýnir:

þá annmarka á náminu, sem aðstöðuleysið hér heima hefur enn sem komið er haft í för með sér.

## 10. Verkfræði-stofnun Háskóla Íslands

Þegar nám til lokaprófs í verkfræði hófst við HÍ, lágu ekki fyrir neinar fullmótaðar tillögur um það, hvernig háttáð skyldi rannsóknum kennara, enda vart við því að búast. Fyrirsjáanlegt var, að fyrstu árin mundi tíma kennara verða varið til undirbúnings og uppyggingsar

- a) Að efla rannsóknir á svíði tækni- og verkvísinda.
- b) Að meta, samræma og fylgjast með framkvæmd rannsóknarverkefna háskólakennara í verkfræðigreinum.
- c) Að útvega aðstöðu fyrir rannsóknir og verklegar æfingar til þess að styrkja kennslu í verkfræðigreinum.
- d) Að stuðla að nánu samstarfi við rannsóknastofnanir utan Háskóla Íslands um rannsóknarverkefni og sem besta nýtingu rannsóknaraðstöðu og tækja.
- e) Að auka tengsl starfsmanna stofnunarinnar við atvinnulífið, m.a. með því að vera til ráðuneytis og vinna að lausn ýmissa þeirra vandamála, sem krefjast sérpakk- ingar og rannsóknaraðstöðu, sem til eru innan stofnunarinnar.
- f) Að gangast fyrir fyrirlestrum, námskeiðum og ráðstefnum, sem

geta stuðlað að aukinni tækniþekkingu í landinu.

Verkfræðistofnun fór hægt af stað, enda hefur lengstum verið þrónt að henni búið. Fyrstu tvö árin var ekkert fast starfslið við stofnunina, og litlar sem engar fjárveitingar fengust til sjálfstæðrar rannsóknarstarfsemi.

Arið 1980 réðst Ragnar Sigbjörnsson, lic. techn., til Verkfræðistofnunar, en fjárveiting hafði þá fengist fyrir sem svarar hálfum sérfræðingslaunum. Eftir það færðist nokkuð meiri festa yfir starfsemin. Verkefni bárust að með ýmsum hætti, og varð fljóttlega ljóst, að ekki þyrfti að óttast verkefnaskort. Það var þó ekki tilgangurinn með stofnuninni, að hún sinti útseldum þjónustuverkefnum eingöngu, heldur var ætlunin, að starfsemin

fyrir haföldur og ölduálag á mannvirki, o.fl.

**2. Upplýsinga- og merkjafræðistofa.** Stofustjóri er Sigrús Björnsson, dósent. Á stofunni vinna að staðaldri 1-2 sérfræðingar auk forstöðumanns. Á þessari stofu hefur verið unnið að þróun aðferða og uppbyggingu tæknilegrar aðstöðu til sérhæfðrar merkjafræðilegar úrvinnslu mæligagna, sem nýtast við rannsóknir í lífverkfræði, lífeðlisfræði, þykktarmælingu á jöklum, vindmælingum, sveiflumælingum og fjarkönnun. Unnið hefur verið að þróun búnaðar til greiningar á ormum í fiskholdi. Á svíði upplýsingafræði hefur verið byggð upp aðstaða og þróadur sérhæfður búnaður á svíði tölvuvæddra upplýsingakerfa. Þá hefur verið byggður upp sérhæfður tækjabúnaður til úrvinnslu gervitunglamynda og þróadur hugbúnaður á því svíði.

hitaveitum. Þá hefur verið unnið að gerð töl vulíkans til að meta orkunýtingu í íslenskum hitaveitum.


Auk framatalinna rannsóknarverkefna hefur Verkfræðistofnun unnið umfangsmikil þjónustuverkefni fyrir ýmsa aðila, þ.a.m. fyrir Kópavogsþær, Landsvirkjun, Rafmagnsveitir ríkisins, Vegagerð ríkisins, Flugleiðir, o.fl.

Erfiðlega hefur gengið að afla fjár til sjálfstæðra rannsóknarverkefna. Þó hafa ýmsir sjóðir eins og Vísindasjóður, Minningarsjóður Ludvigs Storr og Fiskimálasjóður brugðist vel við styrkumsóknum frá stofnuninni.

Vegna þess, hve opinberar fjárveitingar til stofnunarinnar hafa verið takmarkaðar, hefur uppbygging hennar að verulegu leyti orðið að byggjast á eigin tekjum fyrir þjónustuverkefni. Hefur það alla til verið stefnan, að einungis skuli sinnt þeim verkefnum, sem krefjast mikillar sérþekkingar, en þeim verkefnum verið hafnað, sem ráðgefandi verkfræðingar og verkfræðistofur annast í daglegum rekstri.

Fram til þessa hefur rekstur stofnunarinnar því einkennst af því, að verulegur hluti af rekstri hennar, eða um og yfir 80%, er kostaður af eigin tekjum. Er það mat allra sem við stofnunina starfa, að þetta hlutfall sé alltof hátt, og að æskilegt sé, að a.m.k. helmingur af heildarekstrinum sé borinn af fjárveitingum hins opinbera.

Verkfræðistofnun var sett á fót til að vera rannsóknarvettvangur fastra kennara í verkfræðideild. Rannsóknir eru stór hluti af því starfi, sem þeir eru ráðir til að gegna, og það hlýtur að vera hlutverk vinnuveitandans, í þessu tilfelli stjórnvalda, að veita þeim aðstöðu til að sinna þessum hluta starfsins. En rannsóknir, ekki síst verkfræðirannsóknir, kosta mikil fé, og þann kostnað hlýtur hið opinbera að vera skuldbundið til að bera. Skilningur á þessu virðist þó hafa verið takmarkaður til þessa.



Fjöldi fastra kennara í verkfræðigreinum (áætlaður og í reynð).

skyldi byggjast að verulegu leyti á sjálfstæðum rannsóknarverkefnum.

Verkfræðistofnun skiptist í rannsóknarstofur eftir rannsóknarsviðum. Þær stofur, sem mest umsvif hafa verið hjá á undanförnum árum eru eftirtaldar [39]:

**1. Aflfræðistofa.** Stofustjóri er Ragnar Sigbjörnsson, verkfræðingur. Á þessari stofu vinna að staðaldri þrír sérfræðingar auk forstöðumanns. Af verkefnum, sem stofan hefur unnið að má nefna verkefni, sem tengjast jarðskjálftum á Suðurlandi og öryggi samgöngumannvirka, verkefni um hönnun rafþína, þróun stókastískra líkana fyrir vindálag á byggingar, hönnun stormganga, sem miðast við byggingartæknilegar þarfir, gerð stókastískra líkana

**3. Kerfisverkfræðistofa.** Stofustjóri er Þorgeir Pálsson, prófessor. Á stofunni hafa unnið 2 sérfræðingar auk forstöðumanns. Unnið hefur verið að þróun á sjálfvirku tilkynningakerfi fyrir íslenska fiskiskipafloftann. Einnig hefur stofan unnið að þróun tölfrafræðilegra aðferða við alagsspá í íslenska raforkukerfinu.

**4. Rekstrarverkfræðistofa.** Stofustjóri er Pétur K. Maack, prófessor. Stofan hefur enga fasta starfsmenn. Starfsemín hefur einkum snúist um framleidiðslu- og gæðastjórunum í fiskiðnaði.

**5. Vélaverkfræðistofa.** Stofustjórar eru prófessorar í varma- og burðarþolsfræðigreinum. Einn fastur starfsmáður starfar á þessari stofu, og vinnur hann að gerð kvíks hermilíkans fyrir íslenskar

## 11. Verkfræði- og raunvísdæild skiptist

Þegar kennsla í verkfræði til lokaprófs hófst í verkfræði- og raunvísdæilda um haustið 1970, voru í deildinni 8 prófessorar og 1 dósent. Skorir deildarinnar voru þá fjórar: stærðfræðiskor, eðlisfræðiskor (með efnafræði), verkfræði (byggingarverkfræði, vélá- og skipaverkfræði, rafmagnsverkfræði) og náttúrufræði (jarðfræði, landafræði, líffræði). Þegar á

næstu árum hófst mjög ör auknung stúdenta og kennara í deildinni, og varð þegar um haustið 1972 sú breyting á skoraskipan, að þeim var fjölgæð í sex. Var eðlisfræðiskor þá skipt í eðlisfræðiskor og efnafraðiskor, og náttúrufræðiskor skiptist einnig í tvennt, þ.e. líffræðiskor og jarð- og landafræðiskor [40].

Glöggð dæmi um mikla fjölgun kennaraliðsins í verkfræði- og raunvísindadeild á þessum árum sést af eftirfarandi yfirliti, sem sýnir fastar kennarastöður:

	Deildin öll	Verkfræði
1. september 1970	9	2
1. janúar 1973	27	8
1. janúar 1976	50	16
1. janúar 1979	54	16
1. janúar 1982	57	17
1. janúar 1985	59	17


arinnar ekki í samræmi við stærð og umsvif skorarinnar. Komu fljótegla fram raddir um það, að tímabært væri að skilja verkfræðina frá verkfræði- og raunvísindadeild og stofna nýja verkfræðideilda.

Um haustið 1978 var skipuð þriggja manna nefnd kennara úr skorinni, sem fengið var það hlutverk „að athuga, hvort tímabært væri að leggja fram tillögu um, að verkfræði- og raunvísindadeild verði skipt í verkfræðideild annars vegar og raunvís-

„Verkfræðiskor samþykkir, að nú þegar verði leitað til háskólaráðs og til annarra þeirra aðila, sem þessi mál kunna að heyra undir, um samþykki fyrir því, að verkfræði- og raunvísindadeild verði skipt í verkfræðideild annars vegar og raunvísindadeild hins vegar“.

Tillaga þessi var samþykkt á fundi verkfræðiskorar hinn 9. nóvember 1978 með öllum greiddum atkvæðum.

Samþykkt verkfræðiskorar var send forseta verkfræði- og raunvísindadeilda, en þar virðist málið hafa dagað uppi. Einhverjar hræringar héldu þó áfram í málefnum verkfræðiskorar, því að ekki leið á löngu þar til henni var skipt í þrjár skorir: byggingarverkfræðiskor, vélaverkfræðiskor og rafmagnsverkfræðiskor. Var reglugerðarbreyting þar að lút-



Verkfræðistúdentar á 3. ári vorið 1968 ásamt Leifi Ásgeirssyni professor. Hér sjást menn í hefðbundnum skólafatnaði þess tíma, en upp úr þessu fór tilskan að breytast. Fremsta röð: Jón Friðjónsson, Loftur Al. Þorsteinsson, Pétur K. Maack, Leifur Ásgeirsson professor, Guðmundur Björnsson, Þórarinn Magnússon, Gunnar St. Ólafsson, Önnur röð: Gunnar Scheving Thorsteinsson, Ólafur Bjarnason, Óskar F. Sverrisson, Guðbjartur

Sigfússon, Þorsteinn Jóhannesson, Sveinn Torfi Þórólfsson, Aðalsteinn Hallgrímsson. Þriðja röð: Leifur Benediktsson, Baldvin E. Baldvinsson, Axel Gíslason, Bárður Hafsteinsson, Valur Guðmundsson, Ragnar Sigbjörnsson. Aftasta röð: Gunnar A. Sverrisson, Jón Sigurjónsson, Jón Helgason, Eyvindur Jónsson, Einar Þorvarðarson, Snæbjörn Kristjánsson.

Þessi þróun olli kennurum í verkfræðiskor áhyggjum. Töldu þeir, að á þá væri hallað í deildinni, þegar um forgangsröðun á nýjum stöðubeiðnum var fjallað og að almennt væru áhrif þeirra í málefnum deild-

indadeild hins vegar“. Nefndin varð sammála um það, að skipting deildarinnar væri tímabær, samdi greinargerð um mál-ið og lagði hana fyrir verkfræðiskor ásamt svohljóðandi tillögu:

andi samþykkt á Alþingi árið 1979 [41], og tók hún gildi um haustið 1979.

Þá voru skorir verkfræði- og raunvísindadeildar orðnar 8 að tölu, þar af 3 í verkfræðigreinum. Ekki þótti verkfræði-

3  
í  
-  
3  
r  
,  
il  
á  
1-  
n  
3-  
u-  
m  
fö  
m-  
r-  
ið  
og  
m  
ar-  
fir  
að  
að  
eg-  
str-  
in-  
að  
ara  
tór  
að  
erk  
inn-  
na  
nir,  
ník-  
era  
ng-  
ark-

a  
í  
óka-  
erk-  
ivís-  
aust-  
u  
í  
kor-  
skor,  
ræði  
verk-  
ræði  
þar á

kennurum sem þessi skipan mála breytti miklu um stöðu þeirra innan deildarinnar. Var það enn álit þeirra flestra, að málefnum verkfræðikennslunnar væri best borgið í sjálfstæðri verkfræðideild.

Hinn 26. apríl 1982 var haldinn samteinlegur fundur fastra kennara í verkfræðiskorum um skiptingu deildarinnar. Var þar samþykkt ályktun þess efnis, að „kennsla og rannsóknir í verkfræði skulu fara fram innan sjálfstæðrar deildar“. Var einnig samþykkt að kjósa nefnd skipaða einum föstum kennara úr hverri verkfræðiskor til að undirbúa málið. Í nefndina voru kosnar prófessorarnir Einar B. Pálsson, Sæmundur Óskarsson og Þorbjörn Karlsson.

Nefndin samdi ítarlega „Greinargerð um sjálfstæða verkfræðideild í Háskóla Íslands“ og voru niðurstöður þessar:

dregið álit fastra kennara í verkfræðiskorum, að kennsla og rannsóknir eigi að fara fram í sérstakri háskóladeild, verkfræðideild Háskóla Íslands.


Greinargerðin var samþykkt á sameiginlegum fundi fastra kennara í verkfræðiskorum í júlíþyrjun 1982. Var nefndinni falið að vinna áfram að málinu og fylgja því eftir.

Greinargerðin var síðan kynnt rektor og forseta verkfræði- og raunvísindadeilda. Rektor óskaði eftir því, að verkfræði- og raunvísindadeild fjallaði um málið, áður en það yrði tekið fyrir í háskólaráði.

Deildarfundur var haldinn um þetta mál 26. ágúst 1982. Þar var samþykkt samhljóða að mæla „með því við

deildarinnar, yrði afgreiddur einn sér frá ráðuneytinu. Málið var síðan lagt fyrir bingið um haustið 1984 og að lokum afgreitt sem lög frá Alþingi 1. apríl 1985. Lögin og reglugerðarbreytingin, sem af þeim leiddi, tóku gildi 15. september 1985 [42].

Verkfræðideildin hin nýja var þar með orðin staðreynld réttum 45 árum eftir að undirbúningskennsla fyrir verkfræði var fyrst tekin upp við HÍ. Á fyrsta deildarfundi í nýju deildinni um haustið 1985 var Valdimar K. Jónsson, prófessor í vélaverkfræði, kjörinn fyrsti forseti deildarinnar til tveggja ára.



Fjöldi stúdента sem lauk fyrrihlutapófi í verkfræði við Háskóla Íslands á árunum 1943-1972..

1. Verkfræði- og raunvísindadeild er orðin svo ósamstæð sem stjórnunaréining, að skipting hennar er tímabær og aðkallandi.
2. Verkfræði og raunvísindi eru hvort um sig orðin það mikil viðfangsefni í Háskóla Íslands, að eðlilegt er, að fyrir þau séu sjálfstæðar háskóladeildir.
3. Verkfræðideild og raunvísindadeild verða, hvor í sínu lagi, færari um að efla fræðisvið sín innan háskólans og koma fram fyrir þau út á við.
4. Háskólanum í heild er styrkur að því, að hver deild hans sé samstæð og virk.
5. Að fenginni 10 ára reynslu af kennslu í tæknigreinum verkfræðinnar innan verkfræði- og raunvísindadeilda, er það ein-

háskólaráð, að deildinni verði skipt í tvær sjálfstæðar deildir, verkfræðideild og raunvísindadeild.“

Málið var þá sent háskólaráði til afgreiðslu, sem samþykkti skiptinguna á fundi þann 9. september 1982. Með bréfi dags. 26. október 1982 sendi rektor menntamálaráðuneytinu síðan tillögur til breytinga á lögum og reglugerð Háskóla Íslands vegna skiptingarinnar ásamt tillögum um ýmsar aðrar breytingar. Var þess óskað, að þær tillögur um lagabreytingar yrðu lagðar fyrir Alþingi hið fyrsta.

Málið tafðist allnokkuð í menntamálaráðuneytinu, og mun ástæðan fyrst og fremst hafa verið sú, að breytingar á lögum og reglugerð háskólans, aðrar en tillögurnar um skiptingu verkfræði- og raunvísindadeilda, vöfðust eitthvað fyrir ráðuneytinu. Rektor óskaði þá eftir því, að sá hluti, sem fjallaði um skiptingu

## 12. Framtíðarhorfur verkfræðideilda – lokaorð

Þegar horft er til baka, hygg ég, að engum blandist um það hugur, að miðað við að aðstæður hefur vel tekist til með fullnaðarmenntun íslenskra verkfræðinga í Háskóla Íslands, síðan hún var upp tekin 1970. Að vísu hefur þetta ekki aitt gengið þrautalaust fyrir sig, og hefur okkur kennurum í verkfræðideild fundist sem skilningur fjárvéitingarvaldsins á þörfum verkfræðikennslunnar hafi löngum verið að takmarkaður. Af hálfu háskólans var málid vel undirbúið, og með þeim þremur skýrslum, sem unnar voru í upphafi verkfræðikennslunnar [31, 32, 33], var gerð grein fyrir því, hvaða kröfur þyrfi að uppfylla til að sómasamlega væri séð fyrir þörfum kennslunnar. Pessum þörfum hefur ekki verið sinnt nema að mjög takmörkuðu leyti enn sem komið er, svo sem ljóst er af eftirfarandi upptalningu:

1. Í álitsgerðum nefndanna þriggja var gerð nákvæm grein fyrir kennaraþörfinni, og var talið að ráða þyrfi 22 fasta kennara fyrir árslok 1973. Með þessu kennaraliði var gert ráð fyrir því, að kennsluskylda fastra kennara næmi rúmlega helmingi kennslunnar, sem varla getur talist ofætlað. Reyndin hefur orðið sú, að nú, á 17. ári eftir að kennslan hófst, hafa fengist 18 fastar kennarastöður í verkfræði – sú síðasta þeirra um síðstu áramót. Af þessu hefur leitt, að kennsluskylda fastra kennara hefur verið um eða undir 35% af allri kennslunni, og ætti öllum að vera ljóst, að slíkt er allt of lítið.
2. Þegar núverandi húsnaði verk-

fræði- og raunvísindadeildar (VR-II) var tekið í notkun, fullnægði það ekki öllum þörfum, og hefði þurft að halda áfram byggingsframkvæmdum af fullum krafti. Í staðinn lágu allar byggingsframkvæmdir niðri um nokkurra ára skeið, þannig að fyrst nú standa vonir til að unnt verði innan tíðar að taka í notkun hluta af þriðja áfanganum (VR-III), sem þurft hefði að komast í gagnið fyrir 10 árum.

3. Tækjakaupafé hefur alla tíð verið skorið mjög við nögl, og er af þeim sökum öll verkleg kennsla í verkfræðigreinum aðeins svipur hjá sjón miðað við það sem þarf að vera. Í þessum efnum hafa

ar fjárveitingar til tækjakaupa, þannig að verkfræðinámið standi betur undir nafni en verið hefur. Verkfraðingafélag Íslands hefur nú nýverið skipað nefnd úr röðum sinna félagsmanna til að gera úttekt á náminu eins og það er í dag. Þegar verkfræðingafélagið samþykkti á sínum tíma námið við deildina sem fullgilt verkfræðinám, var ráð fyrir því gert, að slík úttekt færi fram á fárra ára fresti. Vonandi verður niðurstaða nefndarinnar sú sama að þessu sinni og áður fékkst.


Því verður ekki neitað, að ýmsar blikur eru á lofti í málefnum verkfræðideilda. Eins og stendur eru þrjú prófessorsembætti ófyllt í deildinni, eitt í hverri skor. Eitt þessara embætta er nýtt og hefur ekki enn umnist tími til að fylla það. Annað embættið losnaði fyrir 5 árum, þegar sá, sem í því sat, hætti vegna aldurs. Embætt-

## Útdráttur

Í greininni er rakin saga verkfræðikennslu í Háskóla Íslands. Segir þar frá því, að á bernskuárum skólans, allt fram að síðari heimsstyrjöldinni, var ekki boðið upp á nám í verkfræðigreinum. Hins vegar komu á þessum tíma oft fram hugmyndir um að taka upp kennslu í þeim greinum, einkanlega í undirstöðugreinum, sem eru að miklu leyti sameiginlegar óllum greinum verkfræðinnar.

Þegar síðari heimsstyrjöldin geisaði og sér í lagi eftir að Þjóðverjar höfðu hernumið Danmörku og Noreg, voru hefbundnar námsleiðir íslenskra verkfræðistúdenta til Norðurlanda og meginlands Evrópu lokaðar. Þá var ákveðið að taka upp fyrrhlutakennslu í verkfræði í háskólanum, og hófst hún um haustið 1940. Fyrsti hópurinn lauk fyrrhlutaprófi vorið 1943, en á þeim tíma voru engin merki þess, að styrjöldinni lyki í bráð. Því var ákveðið, að gefa þessum hópi stúdenta kost á að ljúka fullnaðarprófi í byggingarverkfræði við háskólanum. Voríð 1946 útskrifuðust síðan sex verkfræðingar frá skólanum. Þegar hér var komið sögu, var styrjöldinni lokið og var þá frekari kennslu til fullnaðarprófs í verkfræði hætt. Fyrrhlutakennslu var hins vegar heldið áfram næstu 24 árin.

Árið 1970 verða breytingar á verkfræðikennslu í háskólanum. Þá var tekið upp fjögurra ára nám í byggingar-, vélav- og rafmagnsverkfræði, og er það fyrirkomulag enn við lýði. Yfir 75% þeirra verkfræðinga, sem útskrifast hafa frá háskólanum á síðastliðnum 13 árum, hafa leitað utan til framhaldsnáms. Flestir þeirra hafa snúið heim með meistarapróf eða jafngildi þess, en allnokkur hluti eða 8–10% hafa lokið doktorsprófi.



Fjöldi útskrifaðra verkfræðinga frá Háskóla Íslands árin 1974-1986.

kennarar kannski ekki þrýst á yfirvöld sem skyldi, þar sem húsnæði hefur skort, en tæki og húsnæði haldast óhjákvæmilega í hendur. En kennsla í verklegum greinum er mikilvægur þáttur í verkfræðináminu, og var á það bent í skýrslunum þremur [31,32,33]. Einnig var viðurkenning verkfræðingafélagsins á náminu á sínum tíma bundin því skilyrði, að tilraunastofur, tækjakostur og rannsóknaraðstaða kennara og nema yrðu færð í viðunandi horf. Á þetta skortir allmikið í dag.

Nú hillir undir það, að úr húsnæðisleysinu verði bætt að nokkru, þegar hluti af VR-III verður tekinn í notkun. Þess verður að vænta, að í kjölfarið fylgi aukn-

ið var auglýst og veitt mjög hæfum manni, sem hefur starfað erlendis, en þegar til kom hafnaði hann því. Þriðja embaettið losnaði um síðustu áramót, þegar sá, sem í því sat, sagði því lausur, og hefur það nú verið auglýst. Sannleikurinn er sá, að kennarastöður í verkfræði hafa síður en svo verið eftirsóttar, og sjaldnast verið úr stórum hópi umsækjenda að velja. Ástæðan fyrir þessu liggr greinilega í launakjörunum, sem geta ekki talist mjög eftirsóknarverð. Þegar við þetta bætist svo sú aðstaða, sem kennurum hefur til þessa verið boðið upp á, er þess vart að vænta, að færir menn í áhugaverðum störfum, hérlandis eða erlendis, sækist eftir stöðum við háskólanum. Ef ekki verður fljótegla ráðin bót á þessum málum er viðbúið, að fleiri fari að dæmi þeirra, sem horfið hafa frá störfum í verkfræðideildinni á undanförnum árum.

## Pakkarorð

Greinarhöfundur vill ekki láta hjá líða að færa Ingi-björgu Árnadóttur, bókaverði á bókasafni verkfræði- og raunvísindadeilda, sínar bestu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð við leit að og öflun heimilda fyrir greinina. Þá vill hann einnig þakka þeim Sigurði V. Friðþjófssyni, deildarfulltrúa í verkfræði- og raunvísindadeildum, og Hinrik Guðmundssyni, fyrverandi framkvæmdastjóra Verkfraðingafélags Íslands fyrir veitta aðstoð.

**Heimildaskrá**

1. Steingrímur Jónsson 1956: Verkfraðingar á Íslandi. Verkfraðingatal, 1. útgáfa, XI–XIV. Söguflag gaf út.
2. Steingrímur Jónsson 1961: Verkfraði við Háskóla Íslands „Visindin efla alla dái“, 344–355. Afmælis-kveðja til Háskóla Íslands 1961. Bandalag háskóla-manna gaf út.
3. Sveinbjörn Björnsson 1981: Menntun íslenskra verkfraðinga. Verkfraðingatal, 3. útgáfa, IIX–XIV. Verkfraðingafélag Íslands gaf út.
4. Guðni Jónsson 1961: Verkfraðideild. I., „Sögu Háskóla Íslands“, 150–161. Yfirlit um hálfrað aldar starf. Háskóli Íslands gaf út.
5. Verkfraðingafélag Íslands 1921: Fundargerð 64. fundar, 21. janúar 1921. Fundar-gerðabók félagsins.
6. Steingrímur Jónsson 1931: Um undirbúningsmenntun í verkfraði við háskólanum. Árbók háskóla 1930–1931, 78–84.
7. Verkfraðingafélag Íslands 1931: Byrjunarnám stúdentu við Háskóla Íslands. Skýrsla um umræðufund í VFÍ 21. október 1931. Tímarit VFÍ, (16): 46–55.
8. Stjórnartíðindi 1935: Lög um Rannsóknastofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands. Nr. 97, 3. maí 1935.
9. Verkfraðingafélag Íslands 1940: Fundargerð 213. fundar, 8. febrúar 1940. Fundargerðabók félagsins.
10. Verkfraðingafélag Íslands 1940: Fundargerð 217. fundar, 10. október 1940. Fundargerðabók félagsins.
11. Stjórnartíðindi 1942: Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir Háskóla Íslands. Nr. 47, 30. júní 1942.
12. Verkfraðingafélag Íslands 1943: Verkfraðinám við Háskóla Íslands. Álitsgerðir nefndar, sem skipuð var af Háskóla Íslands og VFÍ, ásamt bréfi frá stjórn VFÍ til háskólastektors. Tímarit VFÍ, (28): 21–25.
13. Stjórnartíðindi 1944: Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólkennara, og um breyting á lögum nr. 21, 1. febrúar 1936 um Háskóla Íslands. Nr. 66, 28. desember 1944.
14. Stjórnartíðindi 1945: Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á reglugerð fyrir verk-
- fræðideild Háskóla Íslands. Nr. 78, 2. ágúst 1945.
15. Jón Hjaltalín Sigurðsson rektor, 1944: Ávarp á háskóla-hátið 21. október 1944. Árbók Háskóla Íslands, háskólaárið 1944–1945, bls. 3–9. Reykjavík 1947.
16. Pórir Kr. Pórðarson 1987: Frá embættismannaskóla til vísindaseturs. Tímarit Háskóla Íslands (1): 11–14.
17. Reglugerð fyrir verkfraðideild Háskóla Íslands. Árbók Háskóla Íslands 1944–1945, 93–112.
18. Páll Theódórsson 1987: Frá áttavita til örtolvustýrða segulmælinga. Tímarit Háskóla Íslands (1): 22–31.
19. Verkfraðingafélag Íslands 1960: Ráðstefna íslenskra verkfraðinga, 22.–23. sept. 1960. Tímarit VFÍ (45): 33–85.
20. Páll Theódórsson 1970: Verkfraðikenna slá við Háskóla Íslands. Tímarit VFÍ (55): 18.
21. Verkfraðingafélag Íslands 1965: Verkfraðingur sprýr . . . Tímarit VFÍ (50): 54–60.
22. Stjórnartíðindi 1965: Auglýsing um staðfestingu handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands. Nr. 81, 2. september 1965.
23. Stjórnartíðindi 1969: Lög nr. 22 um breytingu á lögum nr. 60, 7. júní 1957 um Háskóla Íslands. 12. maí 1969.
24. Stjórnartíðindi 1969: Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglu- gerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum. Nr. 91, 4. desember 1969.
25. Nefndarálit 1969: Þróun verkfraðideilda áratugina 1970–1990. Álit nefndar, sem skipuð var til að gera áætlun um æskilegt starfslið deildarinnar næstu áratugi. Tímarit VFÍ (55): 26–29.
26. Nefndarálit 1969: Húsnaðispörf verkfraðideilda. Álitsgerð nefndar, sem skipuð var til að gera frumáætlun með til-löguuppdráttum um hús-naðispörf verkfraðideilda næsta áratug. Tímarit VFÍ (55): 30–32.
27. Nefndarálit 1969: Tækninám. Álit nefndar, sem rektor skipaði í júní 1969. Ágúst 1969.
28. Nefndarálit 1969: Efling Háskóla Íslands. Skýrsla Háskólanefndar, september 1969.
29. Nefndarálit 1969: Skipulag
- verkfræði- og tæknináms. Álit Háskólanefndar Verkfraðingafélags Íslands. Tímarit VFÍ (55): 21–25.
30. Stjórnartíðindi 1970: Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum. Nr. 81, 1970.
31. Nefndarálit 1971: Verkfraði við Háskóla Íslands – Byggingsverkfræði. Álitsgerð nefndar, sem skipuð var af rektor Háskóla Íslands til að gera tillögur um nánsefni, kennsluaðstöðu, kennaraþörf og fyrirkomulag kennslu og prófa til BS-prófs í byggingsverkfræði. Desember 1971.
32. Nefndarálit 1971: Verkfraði við Háskóla Íslands – Rafmagnsverkfræði. Álitsgerð nefndar, sem skipuð var af rektor Háskóla Íslands. Desember 1971.
33. Nefndarálit 1972: Verkfraði við Háskóla Íslands – Véla- og skipaverkfræði. Álitsgerð nefndar, sem skipuð var af rektor Háskóla Íslands. Apríl 1972.
34. Nefndarálit 1970: Fyrrihlutakenna slá í efnaverkfræði – BS-kenna slá í efnafraði. Álitsgerð nefndar, sem skipuð var af rektor Háskóla Íslands. Mars 1970.
35. Nefndarálit 1971: Fyrrihlutakenna slá í eðlisverkfræði. Álitsgerð nefndar, sem skipuð var af rektor Háskóla Íslands. Mars 1971.
36. Stjórn VFÍ 1974: Skýrsla um starfsemi VFÍ 1973. Tímarit VFÍ, (59): 31–35.
37. Guðmundur Björnsson 1974: Heiðursdoktorskjör í verkfraði- og rauðvísindadeild Háskóla Íslands. Tímarit VFÍ, (59): 82.
38. Geir A. Gunnlaugsson og Þorbjörn Karlsson 1977: Verkfraðistofnun Háskóla Íslands. Fréttabréf VFÍ, (2): 17, 7–8.
39. Óttar P. Halldórsson 1987: Verkfraðistofnun HF. Grein í ritinu „Háskóli Íslands og atvinnulifíð“, 36–37. Afmælisrit gefið út af Stúdentafelagi Reykjavíkur vegna 115 ára afmælis félagsins og 75 ára afmælis háskóla.
40. Stjórnartíðindi 1972: Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglu- gerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum. Nr. 4, 4. febrúar 1972.
41. Stjórnartíðindi 1979: Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á reglugerð fyrir verk-

ing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglu- gerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum. Nr. 78, 22. ágúst 1979.

42. Stjórnartíðindi 1985: Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglu- gerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum. Nr. 92, 17. september 1985.

**Summary**

The article covers the history of engineering teaching at the University of Iceland. It relates how in the early years up to the second world war, engineering courses were not offered at the University. However, on several occasions during this time, the idea of taking up engineering courses was discussed, particularly the preparatory courses for engineering curricula which are more or less common for the various branches of engineering.

During World War II and especially after the Germans occupied Denmark and Norway, all regular routes of Icelandic engineering students to the Scandinavian countries and to the European continent were blocked. It was then decided that the University would offer preparatory engineering courses. This programme started in the autumn of 1940. The first group of students finished their courses in 1943 at a time when there was no end in sight for the fighting in Europe. It was then decided that these students be given the opportunity to work towards a degree of civil engineering at the University. The small group of six engineers graduated from the University in 1946. By then the war was over and the full engineering curriculum was dropped. The offering of preparatory engineering courses, however, continued for the next 24 years.

In 1970 changes were made in the teaching of engineering at the University. Four years engineering curricula leading to degrees of civil, electrical, and mechanical engineering were then offered. This programme is still in effect. Over 75% of engineers graduated from the University during the past 13 years have gone abroad for graduate studies. Most of these have returned to Iceland with a master's degree or equivalent, but a significant number or 8–10% have continued up to the Ph.D.-degree.